# MOSFELLINGUR

VEFÚTGÁFA
www.mosfellingur.is

10. TBL. 20. ÁRG. FIMMTUDAGUR 16. SEPTEMBER 2021 • DREIFT FRÍTT INN Á ÖLL HEIMILI Í MOSFELLSBÆ • VEFÚTGÁFA: WWW.MOSFELLINGUR.IS


LISTAPÚKINN TÓK VIÐ NAFNBÓTINNI VIÐ HÁTÍÐLEGA ATHÖFN



Þórir Gunnarsson Listapúki

# BÆJARLISTAMAÐUR MOSFELLSBÆJAR 2021

»18

Mynd/RaggiÓla


## EIGN VIKUNNAR

www.fastmos.is



**Gerplustræti** - falleg íbúð

Falleg 99,3 m2, 3ja herbergja íbúð með sér inngangi á jarðhæð, ásamt bílastæði í bílageymslu. Afgirt hellulögð verönd í suðurátt. Eignin skiptist í anddyri, stofu, borðstofu, eldhús, tvö svefnherbergi, baðherbergi/þvottaherbergi og geymslu innan íbúðar. Frábær staðsetning rétt við Helgafellsskóla.





Fasteignasala Mosfellsbæjar

FYLGSTU MEÐ OKKUR á Facebook

Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080
Svanþór Einarsson • lögg. fasteignasali • www.fastmos.is







RÉTTINGAVERKSTÆÐI
Jóns B. ehf
Flugumýri 2, Mosfellsbæ
Símar: 566 7660 og 697 7685 jonrett@internet.is
WWW.JONB.IS




CABAS



ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI
SKIPTUM UM FRAMRÚÐUR




Jón Gunnarsson, Arnar Þór Jónsson, B
Guðbjörg Oddný Jónasdóttir, Bryndís Haralds

# Okkar kosningaáherslur

Við tryggjum ábyrga efnahagsstjórn - forsendu þess að lífskjör á Íslandi batni enn frekar

Réttur til heilbrigðisþjónustu tryggður - þjónustutrygging setji fólk í fyrsta sæti

Græn orkubylting - Ísland taki forystu í orkuskiptum með því að nýta græna innlenda orku

Við ætlum að endurskoða tryggingakerfi eldri borgara frá grunni og hækka frítekjumarkið strax í 200 þúsund

Öflugra og fjölbreyttara atvinnulíf - lægri álögur, einfaldara regluverk og hvatar til nýsköpunar

Með stafrænu Íslandi tryggjum við betri þjónustu, hraðari afgreiðslu, auðveldara aðgengi og einfaldara líf



# eranna

Bjarni Benediktsson, Óli Björn Kárason
sdóttir, Sigþrúður Ármann, Kristín Thoroddsen

Við viljum stokka upp tryggingakerfi öryrkja og auka hvata til atvinnuþátttöku

Nútímalegar, greiðar og öruggar samgöngur - uppbygging öflugri innviða með valfrelsi og fjölbreytni að leiðarljósi

Tryggjum frjáls alþjóðaviðskipti - höldum áfram að opna markaði um allan heim fyrir íslenskum útflutningi

Aukum fjölbreytni í menntakerfinu - til að halda í við öra þróun samfélags og þarfir atvinnulífsins

D

**Fylgstu með okkur á Facebook og Instagram @xdsudvestur**

# MOSFELLINGUR

www.mosfellingur.is - mosfellingur@mosfellingur.is

**Útgefandi**: Mosfellingur ehf., Spóahöfða 26, sími: 694-6426

**Ritstjóri og ábyrgðarmaður:**
Hilmar Gunnarsson, *hilmar@mosfellingur.is*

**Ritstjórn:**
Anna Ólöf Sveinbjörnsdóttir, *annaolof@mosfellingur.is*
Ragnar Þór Ólason, *raggiola@mosfellingur.is*
Ruth Örnólfsdóttir, ruth@mosfellingur.is

**Prentun:** Landsprent. **Upplag:** 5.000 eintök. **Dreifing:** Afturelding.
**Umbrot og hönnun**: Mosfellingur ehf.
**Próförk:** Hjördís Kvaran Einarsdóttir ISSN 2547-8265

*Tekið er við aðsendum greinum á mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær ekki vera lengri en 500 orð. Efni og auglýsingar skulu berast fyrir kl. 12, mánudegi fyrir útgáfudag.*

**Mosfellingur kemur út að jafnaði á þriggja vikna fresti.**

Næsti Mosfellingur kemur út 7. október


# Kosningahamurinn



Það hlaut að koma að því, að kosningabaráttan færi á flug. Kosið er til Alþingis eftir rúma viku, laugardaginn 25. september.

Blaðið í dag ber þess aldeilis merki og ættu lesendur að geta myndað sér skoðanir og bent á þann sem þeim þykir bestur.

Alþingiskosningar og bæjarstjórnakosningar eru þó algjörlega tvennt ólíkt.

En það er líf í tuskunum og þannig viljum við hafa það. Persónulega myndi ég vilja hafa slíkt líf oftar en á fjögurra ára fresti.

Kjósum! Nýtum atkvæðisréttinn okkar og lýðræðislegan kosningarétt.

Fótboltastelpurnar í Aftureldingu héldu sannkallaða flugeldasýningu í síðasta leik sumarsins. Sigruðu FH 4-0 á heimavelli fyrir framan stútfulla stúkuna. Það var frábært að sjá svona marga á vellinum og gaman að sjá stelpurnar gefa allt í þetta. Þær hafa nú tryggt sér sæti í efstu deild og leika þar meðal bestu liða landsins næsta sumar. Til hamingju!

*Hilmar Gunnarsson, ritstjóri Mosfellings*






## Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU...







## MOSFELLSSVEIT > MOSFELLSBÆR

Ljósmyndir er skemmtilegt að bera saman, þegar þær eru teknar frá svipuðu sjónarhorni með löngu árabili. Nýlega barst ljósmynd frá árinu 1985, sem Páll Guðjónsson, þá sveitarstjóri Mosfellssveitar tók úr flugvél af skólum og íþróttamannvirkjum í sveitinni. Neðst til hægri sér í símstöðvarhúsið, þar var um tíma m.a. félagsmiðstöðin Ból og seinna Skátafélagið Mosverjar; Brúarland, þar var tónlistarskólinn og síðan Litlaland og Hlégarður. Vesturlandsvegur sést til vinstri. Ofar er Skólabraut og húsaröðin norðan Lágholts og Dvergholts. Efst eru Tungubakkar, Varmá og hesthúsahverfið.

Nýju myndina tók Páll Guðjónsson með dróna 28. júlí 2021. Hér geta sveitungar borið saman og virt fyrir sér þá miklu breytingu og uppbyggingu skóla og íþróttamannvirkja, sem hefur átt sér stað á 36 árum. Gróðurinn,sem umlykur svæðið gefur mikið skjól og er augnayndi. *Myndir birtar með leyfi Páls Guðjónssonar.*

**Umsjón:** Birgir D. Sveinsson *(birgird@simnet.is)*

## HÉÐAN OG ÞAÐAN









Getur þú fundið Benjamín falinn í blaðinu?




# Fasteignasala Mosfellsbæjar



**Svanþór Einarsson**
Lögg. fasteignasali



**Egilína S. Guðgeirsdóttir**



**Þórhildur M. Sandholt**
Lögg. fasteignasali



**Sigurður Gunnarsson**
Lögg. fasteignasali



**Theodór Emil Karlsson**
Aðstoðarmaður fasteignasala

## HLÍÐ - KJÓS



Hlíð – Kjós 186,3 m2 sumarhús á 4.735 m2 lóð í landi Meðalfells í Eilífsdal. Núverandi eigendur hafa búið í húsinu allt árið um kring. Eignin er skráð 186,3 m2, þar af sumarbústaður 138,3 m2 og bílskúr 48 m2. Geymsluskúr með rafmagni er á lóðinni sem er ekki í fermetratölu eignarinnar. Stór timburverönd með heitum potti. Mjög fallegt útsýni. Aðeins ca. 40 mín akstur frá Reykjavík.

**V. 59,5 m.**

## EYJABAKKI - SUMARBÚSTAÐALÓÐ



Sumarbústaðalóðir í Kjós. Lóðirnar standa við ána Sandá rétt við Meðalfellsvatn. Stutt er í þjónustu og fallegar gönguleiðir. Á svæðinu er verslun og veitingahús. Á hverri lóð er heimilt að byggja eitt frístundahús og eitt aukahús. Hámarks byggingarmagn á lóð er 100 m2, þ.e. frístundahús og aukahús.

**V. 5,4 m. til 6,3 m.**



## BUGÐUFLJÓT

Nýtt atvinnuhúsnæði sem er að rísa á stórri lóð við Bugðufljót 17 á Tungumelum. Bilin verða 113m2 til 118 m2 og verða afhent í janúar 2022. Tvær innkeyrsludyr eru á hverju bili. Mögulegt er að fá rétt á að skrá milliloft í bilin, fjölga þannig fermetrum og auka verðmæti þeirra.

**V. 37,5 m til 39,9 m.**

## ERUM MEÐ KAUPANDA

**...að parhúsi, raðhúsi, hæð eða fjölbýli í Mosfellsbæ.**

**Bílskúr eða bílstæði í bílageymslu. Fjögur svefnherbergi.**

*Allar upplýsingar veitir Svanþór 698-8555 eða svanthor@fastmos.is*




***Fasteignasala Mosfellsbæjar hefur starfað í Mosfellsbæ síðan 1998 og hefur lagt metnað sinn í að þjónusta Mosfellinga frá upphafi***

Fastmos ehf. • Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080 • www.fastmos.is • Svanþór Einarsson, löggiltur fasteignasali



## Nýir rekstraraðilar teknir við hjá GM

Golfklúbbur Mosfellsbæjar hefur gert samning við nýja rekstraraðila veitinga á völlum klúbbsins, Hlíðavelli og Bakkakoti. Það eru þeir Ólafur Björn Guðmundsson og Einar Gústavsson sem hafa tekið við rekstrinum. Ólafur og Einar hafa mikla og góða reynsla úr veitingageiranum og voru þeir valdir úr góðum hópi umsækjenda. Ólafur er 44 ára gamall Mosfellingur, giftur þriggja barna faðir og hefur verið meðlimur í GM undanfarin ár. Einar er 46 ára gamall, þriggja barna faðir og er búsettur í Hafnarfirði en hefur líkt og Ólafur verið meðlimur í GM undanfarin ár. „Um leið og við bjóðum þá félaga velkomna til starfa viljum við þakka þeim feðgum Karli Ómari og Jóni Óskari kærlega fyrir gott samstarf síðastliðin tvö ár og óskum við þeim góðs gengist í því sem þeir taka sér fyrir hendur,“ segir í tilkynningu frá GM.



## Endurskoðun menntastefnu Mosfellsbæjar

Fræðslunefnd Mosfellsbæjar hefur samþykkt að hefja vinnu við endurskoðun á menntastefnu Mosfellsbæjar. Verkefnisteymi sem skipað er fulltrúm frá mennta- og uppeldisstofnunum bæjarins hefur unnið að undirbúningi endurskoðunarinnar frá því í maí á þessu ári. Boðað verður til skólaþings með þátttöku allra hagsmunaaðila í október næstkomandi en víðtækt samtal og samráð við hagsmunaaðila er lykilatriði við endurskoðun stefnunnar. Því verður unnið að því að kalla fram viðhorf og sjónarmið þeirra sem að skólastarfinu koma þ.e. barna, foreldra, starfsfólks, íbúa og kjörinna fulltrúa. Þeir íbúar sem hafa áhuga á að taka þátt í skólaþingi geta skráð sig til þátttöku með því að senda tölvupóst á netfangið johannam@mos.is. Unnt verður að fylgjast með framgangi verkefnisins á mos.is/menntastefna á meðan á vinnslu verkefnisins stendur.



*Una Hildardóttir formaður lýðræðis- og mannréttindanefndar, Katla Jónasdóttir umsjónarmaður Hinsegin klúbbsins og Haraldur Sverrisson bæjarstjóri.*

*Jafnréttisviðurkenning Mosfellsbæjar afhent • Brjóta niður staðalmyndir kynjanna*

# Hinsegin klúbbur Bólsins hlýtur jafnréttisviðurkenninguna 2021

Jafnréttisviðurkenningu Mosfellsbæjar 2021 hlýtur Hinsegin klúbbur Bólsins.

Hinsegin klúbbur félagsmiðstöðvarinnar Bólsins var stofnaður árið 2019 og er vettvangur þar sem öll geta verið þau sjálf og veita þátttakendum færi á að fræðast frekar um hinsegin málefni.

Hinsegin klúbburinn er fyrir alla krakka á aldrinum 13-18 ára en öll áhugasöm um hinsegin málefni eru velkomin og geta tekið þátt í þeim viðburðum sem haldnir eru hverju sinni. Starfsemi klúbbsins er kærkomin viðbót í flóru félagsstarfs í Mosfellsbæ en þar er meðal annars staðið fyrir fjölbreyttri fræðslu, m.a. kynfræðslu og hafa samtök eins og #Sjúkást og Eitt líf komið í heimsókn.

Loks vinnur hinsegin klúbbur Bólsins að því að brjóta niður staðalmyndir kynjanna og vinnur markvisst að framgangi jafnréttis og gegn kynbundnu ofbeldi, kynferðislegu ofbeldi og áreitni.

Með viðurkenningunni vill lýðræðis- og mannréttindanefnd Mosfellsbæjar fagna fjölbreytileikanum og viðurkenna þörfina fyrir öruggan vettvang fyrir hinsegin ungmenni. Mikilvægt er að tryggja að við öll sem búum í Mosfellsbæ njótum sömu mannréttinda óháð kyni, kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar eða kyneinkenna.



MEÐLIMIR KLÚBBSINS



*Valli og vinir safna fyrir Hollvinasamtökin um helgina*

# Hlaupið fyrir Reykjalund

Eins og kunnugt er verður ekkert af Reykjavíkurmaraþoni þetta árið en áheitasöfnun maraþonsins er mikilvæg fyrir samtökin, Hollvinir Reykjalundar.

Hollvinasamtökin hafa á síðustu árum staðið myndarlega við bakið á endurhæfingarstarfsemi Reykjalundar með ýmsum fjáröflunum sem er megintilgangur samtakanna.

Þrátt fyrir að ekkert maraþon verði, ætlar Valli (Valgeir Árni Ómarsson), íbúi á Hlein, að hlaupa 10 km ásamt nokkrum vinum sínum, meðal annars Pétri forstjóra Reykjalundar og Bryndísi formanni Hollvinasamtakanna. Valli hefur búið síðustu 20 ár á Hlein, sem er sambýli á lóð Reykjalundar og er ætlað fyrir mikið fatlað fólk sem hefur fatlast af völdum sjúkdóma eða slysa. Valli er mjög spenntur fyrir hlaupinu.

Óskað er eftir áheitum á Valla og vini hans og eru öll framlög vel þegin. Hægt að heita á hlaupara Hollvinasamtakanna á heimasíðu hlaupsins Hlaupastyrkur.is eða leggja beint inn á reikning Hollvinasamtaka Reykjalundar: 0114-05-061229, kt. 601213-1760.

## KIRKJUSTARFIÐ



WWW.LAGAFELLSKIRKJA.IS

## HELGIHALD NÆSTU VIKNA

**Sunnudagurinn 19. september**
Kvöldguðsþjónusta kl. 20 í Lágafellskirkju. Sr. Arndís.
Kvartett úr Karlakór Kjalnesinga syngur.

**Sunnudagurinn 26. september**
Guðsþjónusta kl. 11 í Mosfellskirkju.
Sr. Ragnheiður.

**Sunnudagurinn 3. október**
Fjölskylduguðsþjónsta kl. 11 í Lágafellskirkju. Umsjón: Sr. Ragnheiður & Bogi.

**Ávallt sunnudagaskóli kl. 13 í Lágafellskirkju - í vetur**
Söngur, fjör, biblíusaga, Rebbi og Mýsla. Allir krakkar fá grænar gjafir með sér heim frá kirkjunni.

**Kyrrðardagar í Mosfellskirkju**
Laugardagana 25. september og 2. október kl. 9 - 12.

**Kyrrðarbænastundir**
í Mosfellskirkju á þriðjudögum kl. 17:30. Byrjendur mæti kl. 17.

**SÓKN Í SÓKN**
**– LIFANDI SAMFÉLAG**
*Vertu með í sókninni!*

Nánari upplýsingar á www.lagafellskirkja.is & endilega fylgdu okkur á samfélagsmiðlum

VIÐREISN

# ÞJÓNUSTUVÆÐUM HEILBRIGÐISKERFIÐ

Styttum biðlista, lækkum kostnað og bætum heilbrigðisþjónustu um allt land með því að þjónustuvæða heilbrigðiskerfið. Þannig bætum við bæði líkamlega og andlega velferð fólksins í landinu.

**GEFÐU FRAMTÍÐINNI TÆKIFÆRI**



*Seinni áfangi skólans tekinn í notkun • Afhentur á réttum tíma og undir kostnaðaráætlun • Vel búinn hátíðarsalur*

# Helgafellsskóli afhentur Mosfellsbæ



*Haraldur Sverrisson bæjarstjóri, Rósa Ingvarsdóttir skólastjóri og Bergþór Ásgeirsson frá Flotgólf ehf.*



*Loftmynd af Helgafellsskóla tekin í ágúst 2021. Horft er yfir nýjasta áfanga skólans í átt að Helgafelli.*

Helgafellsskóli var afhentur Mosfellsbæ við formlega athöfn í skólanum þann 7. september að viðstöddum bæjarfulltrúum, nefndarmönnum í fræðslunefnd, starfsmönnum fræðslu- og frístundasviðs og umhverfissviðs Mosfellsbæjar. Skólinn er afhentur á réttum tíma og undir kostnaðaráætlun.

Hönnun Helgafellsskóla var á höndum Yrki Arkitekta og VSB verkfræðistofu. Í ársbyrjun 2019 voru 1. og 4. áfangar skólans teknir í notkun og nú tveimur árum síðar eru 2.- 3. áfangar skólans tilbúnir. Í þeim hluta skólans verður 7.-10. bekkur auk sérgreinastofa skólans eins og raungreinastofur, listasmiðjur og gróðurhús svo nokkuð sé nefnt. Þá er í þessum áfanga vel búinn hátíðarsalur.

**Innan kostnaðar- og tímaramma**

Fyrirtækið Flotgólf vann að uppbyggingu 2.-3. áfanga og tókst þrátt fyrir utanaðkomandi tafir að halda verkinu á áætlun.

Undirbúningur að byggingu Helgafellskóla hófst í ársbyrjun 2015 og 1. og 4. áfangar voru teknir í notkun í janúar 2019. „Stýrihópur verkefnisins hefur að mínu mati skilað einstaklega góðu verki," segir Haraldur Sverrisson bæjarstjóri Mosfellsbæjar.

„Þá vil ég sérstaklega hrósa fyrirtækinu Flotgólf fyrir vandaða vinnu, góð og uppbyggileg samskipti á byggingartímanum og einstaka tillitssemi gangvart starfsemi þess hluta skólans sem starfaði á byggingartímanum.

Kostnaðarrammi 2. og 3. áfanga var áætlaður rúmir 2,3 milljarðar króna og er heildarkostnaður við byggingu þessa áfanga áætlaður um 98% af kostnaðarramma. Verkefnið í heild er því í senn innan kostnaðarramma og tímaramma.







Það er mikilvægt að ná slíkum árangri í opinberum rekstri og slík jákvæð frétt nær ekki alltaf eyrum allra. Ég vil því nota þetta tækifæri til að hrósa öllum þeim sem að verkefninu hafa komið enda getum við verið stolt af þessum glæsilega skóla.

Skólinn verður sannkallað hjarta Helgafellshverfis og bæði salir skólans og lóð verða þungamiðja menningar- og mannlífs í hverfinu í nánustu framtíð" segir Haraldur.


**Kjósum VG**
25. september

**Það skiptir máli**
hver stjórnar

Kosningamiðstöð VG í **Suðvesturkjördæmi**
er í **Bæjarlind 2, Kópavogi**

Hjá okkur er heitt á könnunni
frá klukkan **16–18 á virkum dögum**
og klukkan **14–17 um helgar**

**Verið öll velkomin!**



**1. sæti**
Guðmundur Ingi Guðbrandsson



**2. sæti**
Una Hildardóttir



**3. sæti**
Ólafur Þór Gunnarsson

VINSTRI GRÆN
XV
25. sept.

RAM

# ÍSBAND UMBOÐSAÐILI RAM Á ÍSLANDI

# RAM 3500



## VERÐ FRÁ 7.421.210 KR. ÁN VSK.
## 9.202.300 KR. M/VSK.

ÖFLUG 6,7 LÍTRA CUMMINS DÍSELVÉL, 370/400* HESTÖFL OG *AISIN SJÁLFSKIPTING. RAM 3500 ER MEÐ MESTA INNRARÝMIÐ (MEGA CAB) Í SÍNUM FLOKKI.

ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI ÍSBAND, SMIÐSHÖFÐA 5, SÉRHÆFIR SIG Í BREYTINGUM Á RAM PALLBIFREIÐUM.

## BJÓÐUM UPP Á 37” - 40” BREYTINGAPAKKA



RAM 3500
**LIMITED MEGA CAB**



RAM 3500
**37” BREYTTUR**



RAM 3500
**40” BREYTTUR**

EVRÓPUÁBYRGÐ: **BÍLAR SEM EKKI ERU FLUTTIR INN AF UMBOÐI FRÁ USA OG KANADA ERU EKKI Í ÁBYRGÐ FRAMLEIÐANDA. VERKSMIÐJUÁBYRGÐ TRYGGIR AÐ ALLAR INNKALLANIR OG UPPFÆRSLUR SEM KUNNA AÐ BERAST Á LÍFTÍMA BÍLSINS ERU TILKYNNTAR EIGANDA SEM FRAMLENGD ÁBYRGÐ OG FRAMKVÆMDAR EIGANDA AÐ KOSTNAÐARLAUSU.**

ISBAND

**UMBOÐSAÐILI JEEP® OG RAM TRUCKS Á ÍSLANDI** • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16




## Ný bók: Þegar Kjósin ómaði af söng

Bjarki Bjarnason og Ágústa Oddsdóttir hafa sent frá sér bókina „Þegar Kjósin ómaði af söng“, þar sem fjallað er um sönglífið í Kjósarhreppi á síðustu öld og einnig er gerð ítarleg grein fyrir því samfélagi sem þessi söngmenning var sprottin úr. Oddur Andrésson bóndi á Neðra-Hálsi var frumkvöðull á þessu sviði, hann stofnaði kvartett ásamt bræðrum sínum á 4. áratugnum og stjórnaði bæði karlakór og blönduðum kór, að ógleymdum kirkjukór Reynivallakirkju. Þessi söngalda í Kjósinni teygði sig einnig suður á Kjalarnes og í Mosfellssveit en Oddur var fyrsti stjórnandi Karlakórsins Stefnis sem var stofnaður árið 1940. Fjölmargar gamlar og nýjar ljósmyndir prýða verkið og einnig myndskreytingar eftir Egil Sæbjörnsson. Eyjólfur Jónsson annaðist umbrot bókarinnar sem er 250 blaðsíður að stærð, henni fylgir geisladiskur með upptökum á 19 sönglögum þar sem Karlakór Kjósarsýslu og Karlakór Kjósverja syngja undir stjórn Odds. Upptökurnar eru frá árunum 1953 og 1962, þær eru varðveittar hjá Ríkisútvarpinu en hafa ekki verið gefnar út áður.
Þess má geta að titill bókarinnar er sóttur í kviðling en þar segir:
*Þá var öldin önnur þegar Kjósin ómaði af söng,*
*þá var ei í Félagsgarðinn leiðin löng.*




*Evróps samgönguvika 16.-22. september • BMX-hátíð og ókeypis hjólastillingar Dr. Bæk*

# Samgönguvika hefst í dag

Evrópsk samgönguvika, European Mobility Week, hefst í dag en vikan stendur yfir 16.-22. september ár hvert.

Mosfellsbær hefur verið virkur þátttakandi í samgönguvikunni undanfarin ár og staðið fyrir margs konar viðburðum í tilefni vikunnar, bæði í Mosfellsbæ og víðs vegar á höfuðborgarsvæðinu í samstarfi við nágrannasveitarfélögin.

Tilgangur samgönguvikunnar er að vekja athygli á vistvænum samgöngum og hvetja almenning til að nýta sér almenningssamgöngur, hjólreiðar og aðra vistvæna fararkosti.

**Bíllausi dagurinn 22. september**

Af viðburðum í samgönguvikunni í Mosfellsbæ í ár má nefna BMX-hátíð á Miðbæjartorginu, ókeypis hjólastillingar og smáviðgerðir Dr. Bæk fyrir almenning, kynningu á hjólaleiðum á heimasíðu bæjarins og Bíllausa daginn. Hann er alltaf haldinn þann 22. september þegar almenningur er hvattur til að nýta sér vistvæna samgöngumáta í sínum ferðum. Strætó bs. og sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu bjóða frítt í strætó á Bíllausa daginn.

Mosfellingar eru hvattir til að taka þátt í þessu árlega átaki, draga fram hjólið og gönguskóna, og njóta góðrar útiveru og heilsusamlegrar hreyfingar.


DR. BÆK VIÐ TORGIÐ


BMX BRÓS SÝNA LISTIR


FRÆÐST UM LÍFRÍKI FJÖRUNNAR

## FJÖRUG FJÖRUGANGA

Góð þátttaka var í fræðslugöngu Mosfellsbæjar og Hins íslenska náttúrufræðifélags sunnudaginn 5. september. Gengið var til norðurs um Blikastaðakró, á svæði sem liggur á mörkum Reykjavíkur og Mosfellsbæjar. Járngerður Grétarsdóttir, grasafræðingur, fræddi göngufólk um gróður á svæðinu og Hrefna Sigurjónsdóttir, líffræðingur, sagði frá lífríki fjörunnar. Mikil ánægja var með þessa fróðlegu göngu.

## ELDRI BORGARAR • ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐIN EIRHÖMRUM • FRAM UNDAN Í STARFINU



### Hreyfing dagskrá

**Lágafell/sundlaug Vatnsleikfimi** *Þriðjudaga 11.45 – 12.35. Fimmtudaga 13.25 – 14.15. Föstudaga 14.05 – 14.55.* **Varmá / íþróttasalir Ringó** *Þriðjudaga 12.10 – 13.10. Fimmtudaga 11.30 til 12.30 salur 1.* **Boccia** *Miðvikudagur 12 – 13.30 salur 1.* **Heilsa og hugur fyrir 60+ námskeið ORÐIÐ FULLT** *Mánudaga, miðvikudaga og föstudaga 9.30 og 10.30. Kennarar Halla Karen og Berta.* **Gönguferðir** *eru alla miðvikudaga kl. 13 frá Fellinu.* **Púttæfingar** *Mánudaga kl. 11– 12 í Golfskálanum, neðri hæð.* **Eirhamrar Leikfimi** *fimmtudaga 10.45 og 11.15. Kennari Karin.* **Gönguhópur Eirhamra** *léttar og stuttar göngur þri.,föst. og laugardaga kl 11.* **Boccia** *fyrir íbúa Eirhamra kl. 10.* **Fellið** *Opið frá 8 til 14.* Gott að nýta þegar veðrið er mjög slæmt úti. Ath! Skólarnir geta nýtt þennan tíma þegar þeim hentar. Þrátt fyrir það er hægt að nýta göngubrautina. **World Class** *Tímar þriðjudaga og fimmtudaga. Tveir hópar 9.30 og 10.30, kennari Berta.* Dansleikfimin byrjar ekki fyrr en eftir áramót vegna forfalla kennarans. ***Nýir félagar velkomnir í FaMos endilega verið með og finnið eitthvað við ykkar hæfi. Öll hreyfing er svo heilsueflandi.***

### Félagsvist byrjar

Loksins, verður haldin félagsvist **17. september 2021 kl 13:00 í borðsal.** *Aðgangur er ókeypis en auðvitað er alltaf frír kaffisopi og vinningur ef heppnin er með þér. Við förum eftir þeim sóttvarnarreglum sem eru hverju sinni.*

### Breytt og bætt hópur

***Verum umhverfisvæn og nýtum, breytum og bætum***

Í þessum hópi ætlum við að endurhanna gamla muni sem sem legið hafa lengi í geymslu einhvers staðar og gefa þeim nýtt notagildi og útlit, með því að nota alls konar aðferðir sem eru skemmtilegar og ódýrar. Einu kröfurnar sem við gerum er sköpunargleði og ekki verra að hafa gott hugmyndaflug líka en umfram allt hafa gaman að því að hittast og vera með skemmtilegu fólki.

Þessi hópur hentar því öllum. Við munum hafa á staðnum alls konar efnivið sem hægt er að vinna úr og þeir sem vilja eiga sitt stykki geta keypt það á mjög hagstæðu verði, en ef fólk vil einungis vera með og ekki eiga hlutina má alltaf gefa þá á basarinn okkar góða. Einnig er alveg sjálfsagt að koma með sína eigin hluti og breyta þeim í eitthvað stórkostlegt. **Við ætlum að hittast í fyrsta skiptið kl. 11.30 fimmtudaginn 23. september.** ***Skráning á elvab@mos.is eða í síma 586-8014 /698-0090.***

### Listmálunarnámskeið

***Auka námskeið vegna mikilla eftirspurnar hefst 30. sep. 2021.***

Boðið verður upp á átta skipta námskeið í málun með akríl-/olíulitum. Námskeiðið er ætlað byrjendum og líka þeim sem lengra eru komnir. Fólk mætir með eigin striga, liti (olíu- eða akríl) og pensla, en trönur og litir til að bjarga sér eru á staðnum. **Námskeiðið hefst fimmtudaginn 30. september kl. 9-12. Leiðbeinandi er Hannes Valgeirsson kennari, myndlistarmaður og málarameistari. Verð 24.000 kr.** *Skráningar er krafist því aðeins komast 8-10 manns að, á blað í handverksstofu eða á elvab@mos.is eða í síma 586-8014. Námskeiðið er háð þátttökufjölda.*

### Ljósálfar

**BASARHÓPUR - VERTU MEÐ**

Vilt þú vera með okkur í hóp að gera fallega muni fyrir basarinn sem verður í nóvember 2021? ***Við ætlum að hittast alla þriðjudaga kl. 13 í handverksstofunni Hlaðhömrum 2.*** *Ef svo er þá erum við alla þriðjudaga kl. 13 á Eirhömrum að skemmta okkur saman og hlæjum mikið og töfrum fram fallega muni. Allt efni er skaffað á staðnum og er því ekkert nema að mæta með góða skapið. Við hlökkum til að sjá ykkur öll.*

GAMAN SAMAN ***byrjar í borðsal Eirhamra kl. 13.30 fimmtudaginn 23. september.*** Allir velkomnir.



**Skrifstofa félagsstarfsins** er opin alla virka daga kl. 13–16. Sími félagsstarfsins er 586-8014. Forstöðumaður félagsstarfs eldri borgara í Mosfellsbæ er *Elva Björg Pálsdóttir* tómstunda- og félagsmálafræðingur, s: 698-0090.
**Skrifstofa FaMos** á Eirhömrum er opin alla fimmtudaga frá kl. 15–16.

**FÉLAG ALDRAÐRA**
**í Mosfellsbæ og nágrenni**
*famos@famos.is*
*www.famos.is*

**STJÓRN FAMOS**

**Ingólfur Hrólfsson** formaður
s. 855 2085 *ihhj@simnet.is*

**Úlfhildur Geirsdóttir** varaformaður
s. 896 5700 *bruarholl@simnet.is*

**Margrét Ólafsdóttir** gjaldkeri
s. 863 3359 *margretjako@gmail.com*

**Snjólaug Sigurðardóttir** ritari
s. 897 4734 *snjolaugsig@simnet.is*

**Kristbjörg Steingrímsdóttir** meðstjórnandi
s. 898 3947 *krist2910@gmail.is*

**Jóhanna B. Magnúsdóttir** 1. varamaður
s. 899 0378 *hanna@smart.is*

**Þorsteinn Birgisson** 2. varamaður
s. 898 8578 *thorsteinn.birgis@gmail.com*

framtíðin ræðst á miðjunni — framtíðin ræðst á miðjunni —

xB



**Willum Þór**
**1. sæti Suðvestur**

# FRAMSÓKNAR-FESTIVAL

Framsókn ætlar að þjófstarta Októberfest með látum.
Magnús Kjartan Brekkusöngsstjóri sér um fjörið.
**Veitingar í boði fyrir gesti.**

**FIMMTUDAGURINN**
**16. SEPTEMBER**
**20 : 00**

BARION
MOSÓ

ER EKKI BARA BEST AÐ KJÓSA FRAMSÓKN?

Framsókn

# Betra líf fyrir þig, þína fjölskyldu og komandi kynslóðir

- **Stóraukum stuðning við barnafjölskyldur**
  – fleiri fá hærri barnabætur og hærri greiðslur í fæðingarorlofi
- **Betri heilbrigðisþjónusta**
  – vinnum gegn undirmönnun og styrkjum Landspítalann, styðjum við ný búsetu- og þjónustuúrræði fyrir eldra fólk og eflum geðheilbrigðisþjónustu
- **Heilbrigðari húsnæðismarkaður**
  – komum böndum á markaðinn og stóraukum framboð af leiguíbúðum á viðráðanlegu verði
- **Betri kjör fyrir eldra fólk og öryrkja**
  – hækkum grunnlífeyri strax og drögum úr skerðingum



xS

# SUÐVESTURKJÖRDÆMI


Þórunn Sveinbjarnardóttir


Guðmundur Andri Thorsson


Inga Björk Margrétar Bjarnadóttir


Guðmundur Ari Sigurjónsson


Sólveig Skaftadóttir


Óskar Steinn Ómarsson


Donata H. Bukowska


Árni Rúnar Þorvaldsson


Gerður Pálsdóttir


Arnar Ingi Ingason


Sigurþóra Bergsdóttir


Sigurjón Gunnarsson


Ingibjörg Iða Auðunardóttir


Gylfi Ingvarsson


Branddís Ásrún Snæfríðardóttir.


Hörður Þorsteinsson


Kristín Sævarsdóttir


Kolbeinn A. Dalrymple


Hildur Rós Guðbjargardóttir


Hafsteinn Karlsson.jpg


Margrét Tryggvadóttir


Magnús Norðdahl


Dóra Hansen


Jónas Sigurðsson


Jóna Dóra Karlsdóttir


Rannveig Guðmundsdóttir

xS

**Velkomin í kosningakaffi í Þverholti 3, Mosfellsbæ á kjördag.**

The Manifesto in English: en.xs.is
Manifest w języku polskim: pl.xs.is

Alþingiskosningar 2021
Nánar á www.xs.is

Samfylkingin



ELFA HULD HARALDSDÓTTIR

*Fallegur garður að Einiteigi 9 verðlaunaður*

# Umhverfisviðurkenning Mosfellsbæjar afhent

Umhverfisviðurkenningar Mosfellsbæjar fyrir árið 2021 voru afhentar við hátíðlega athöfn í Listasal Mosfellsbæjar. Umhverfisviðurkenningarnar eru veittar þeim aðilum sem taldir eru hafa skarað fram úr í umhverfismálum á árinu.

Að þessu sinni barst fjöldi tilnefninga um fallega garða sem umhverfisnefnd lagði mat sitt á. Umhverfisnefnd ákvað að í ár yrði veitt viðurkenning til eins aðila fyrir fallegan garð. Elfa Huld Haraldsdóttir fékk viðurkenningu fyrir sérlega fallegan og vel skipulagðan garð að Einiteig 9 þar sem lögð er áhersla á fallegt umhverfi og hönnun, bæði að innan og utan.


EINITEIGUR 9

Á myndinni má sjá Elfu Huld í garðinum sínum að Einiteigi 9 með viðurkenninguna frá Mosfellsbæ.


GRÓÐURSETNING AÐ MOSFELLI

*Umhverfisátak á vegum Þjóðkirkjunnar • Græn kirkja*

# Lágafellssókn á grænni leið

Lágafellssókn hefur ásamt öðrum kirkjusöfnuðum á landinu tekið þátt í umhverfisstarfi á vegum Þjóðkirkjunnar, sem nefnist „Græn kirkja“. Á heimasíðu Þjóðkirkjunnar er greint frá stefnu hennar í umhverfismálum og þessu starfi. Hvetur kirkjan fólk til að kynna sér það á www.kirkjan.is.

Til þess að öðlast stimpilinn „Græn kirkja“ þarf allt kirkjustarfið að uppfylla nokkur atriði svo sem að flokka rusl, minnka pappírsnotkun, hætta allri plastnotkun, hvetja söfnuðinn til vitundar um umhverfismál, gróðursetja tré og hvetja til notkunar á lífrænum jólaskreytingum á leiðum, svo nokkuð sé nefnt.

**Birkitré gróðursett við Mosfellskirkju**

„Höfum við í Lágafellssókn góðan stuðning af Kristínu Davíðsdóttur, skógræktarkonu með t.d. niðursetningu á trjám o.fl.. Á liðnu sumri fékk hún í lið með okkur Soroptimistakonur, sem gróðursettu 100 birkitré norðan við nýjan Mosfellskirkjugarð, sem í framtíðinni mun veita skjól fyrir norðanáttinni í garðinum og jafna um leið kolefnisfótsporið okkar.

Staðan í Lágafellssókn er sú að við erum í dag á „grænni leið“ og er markmiðið að verða „Græn kirkja.“

Þann 8. september var haldið örþing um „Græna kirkju“ í safnaðarheimili Lágafellssóknar sem var fræðandi og uppbyggjandi. Þingið endaði á því að fulltrúar ólíkra safnaða gróðursettu 40 birkitré til viðbótar norðan við nýjan Mosfellskirkjugarð. Margt smátt gerir eitt stórt.


MÆTA ÞÖRFUM EINSTAKLINGA

*Nýtt úrræði sem Mosfellsbær rekur • Fyrir 10-20 ára*

# Nýr frístundaklúbbur fyrir fötluð börn og ungmenni

Frístundaklúbburinn Úlfurinn er nýtt úrræði sem Mosfellsbær rekur frá og með haustinu og mættu fyrstu ungmennin í hús mánudaginn 23. ágúst. Klúbburinn er frístundastarf fyrir fötluð börn og ungmenni á aldrinum 10-20 ára.

Markmið frístundaklúbbsins er að veita börnum og ungmennum sem þar dvelja öruggt athvarf og bjóða þeim upp á skipulagðar tómstundir við hæfi hvers og eins. Þjónustan er veitt til þess að mæta þörfum þeirra einstaklinga sem geta ekki verið einir heima eftir að skipulögðum skóladegi lýkur. Unnið er í samstarfi við börnin, ungmennin, foreldra þeirra og starfsfólk klúbbsins að útfærslu þjónustunnar.

**Opnun klúbbsins heillaspor**

Í samtali Mosfellsbæjar við foreldra fatlaðra barna og ungmenna í sveitarfélaginu hefur komið fram eindregin ósk um að bjóða upp á þjónustu við þennan hóp barna og ungmenna í Mosfellsbæ. Opnun klúbbsins er því mikilvægt heillaspor en hingað til hefur sveitarfélagið keypt þjónustuna af nágrannasveitarfélögum með tilheyrandi akstri að loknum skóladegi.

Börnum og ungmennum í klúbbnum mun einnig, nú sem fyrr, standa til boða að sækja öll almenn íþrótta- og frístundaúrræði í Mosfellsbæ eftir færni og getu. Boðið er upp á að starfsmenn fylgi einstaklingum á slík námskeið, allt eftir þörfum hvers og eins, og þátttakan er skipulögð í samvinnu við þá aðila sem standa að íþrótta- og frístundastarfseminni.

Þjónusta frístundaklúbbsins er opin allan ársins hring og yfir sumarmánuðina er boðið upp á heilsdagsþjónustu sem verður samhæfð við önnur vinnu- og frístundaúrræði sem bjóðast ungmennum í Mosfellsbæ.



Davíð Ólafsson lög. fast.
david@fastborg.is

ÉG GEF MÉR TÍMA FYRIR ÞIG!

- fagleg og persónuleg þjónusta
HRINGDU Í 897-1533

BORG
FASTEIGNASALA




MOSFELLSBÆR

Laus störf í Mosfellsbæ

Mosfellsbær hefur tekið í gagnið nýjan ráðningarvef.

Öll laus störf hjá Mosfellsbæ og stofnunum má sjá og sækja um á nýjum ráðningarvef:

www.mos.is/storf

Þverholt 2 | Mosfellsbær 270 | Sími 525 6700 | mos.is

VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA

XF

# FÓLKIÐ FYRST

## SVO ALLT HITT

- **Nýtt almannatryggingakerfi** sem tryggir lágmarksframfærslu.
- Skattleysismörk hækkuð í **350þ kr per mánuð.**
- **Verðtrygging** á húsnæðislánum afnumin.
- Fullt verð fyrir aðgang að **sjávarauðlindinni.**
- Öldruðum tryggt **áhyggjulaust** ævikvöld.




Flokkur Fólksins

X-F flokkurfolksins.is



Mosfellsbær

# Verkefnastjóri skipulagsmála

## Verkefnastjóri hjá Embætti skipulagsfulltrúa á umhverfissviði

Mosfellsbær er sveitarfélag í örum vexti og undanfarin ár hefur uppbygging verið mikil og fólksfjölgun í samræmi við það. Áform eru um frekari framkvæmdir innan sveitarfélagsins í takt við þéttingu höfuðborgarinnar í heild. Umhverfissvið vinnur að metnaðarfullum verkefnum til að gera Mosfellsbæ áfram að spennandi búsetukosti og er nú unnið að fjölbreyttu lóðaframboði með gerð nýrra deiliskipulaga.

Sveitarfélagið er einnig með í undirbúningi endurskoðun aðalskipulags sem kallar á innleiðingu Borgarlínunnar, Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, nýrra minjaskráninga, flokkunar landbúnaðarlands, frumdragavinnu samgöngumannvirkja sem og fleiri áætlana í samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins. Á sviðinu starfar fjölbreyttur hópur einstaklinga með ólíka sérfræðikunnáttu.

Verkefnastjóri starfar undir stjórn skipulagsfulltrúa og framkvæmdastjóra umhverfissviðs og vinnur með þeim að ýmsum verkefnum málaflokksins. Verkefnastjóri tekur þátt í störfum skipulagsnefndar og fundarhaldi. Hann hefur umsjón með skipulagsverkefnum í sveitarfélaginu og formlegu afgreiðsluferli skipulagstillagna. Hann sinnir ráðgjöf varðandi skipulags- og byggingartengd málefni og samskiptum við viðskiptavini sveitarfélagsins. Verkefnastjóri kemur að stofnun lóða, yfirferð lóðablaða og gerð lóðaleigusamninga.

**Sækja skal um starfið á ráðningarvef Mosfellsbæjar, www.mos.is**

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Nám sem samsvarar meistaragráðu á háskólastigi er skilyrði (skipulagsfræðingur, arkitekt, landslagsarkitekt eða sambærilegt).
- Verkefnastjóri þarf að hafa þekkingu á sviði skipulagsmála.
- Haldbær þekking og reynsla á lagaumhverfi skipulagsmála er kostur.
- Reynsla af opinberri stjórnsýslu er kostur.
- Frumkvæði, nákvæmni, skipulagsfærni og metnaður.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og hröð úrlausn verkefna er nauðsynleg.
- Góðir samskiptahæfileikar og hæfni til að tjá sig í rituðu og töluðu máli er nauðsynleg.
- Haldbær reynsla og þekking á verkefnastjórnun og teymisvinnu.
- Góð tölvukunnátta og þekking á teikniforritum sem og öðrum forrit sem notuð eru við skipulagsvinnu er æskileg.
- Góð íslenskukunnátta er skilyrði, færni í erlendum tungumálum er kostur.

**Mosfellsbær er öflugt og eftirsótt sveitarfélag þar sem gildin virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja eru leiðarljós starfsmanna í daglegu starfi.**

**Umsóknarfrestur er til og með 3. október 2021.**
Umsóknir skulu innihalda starfsferilsskrá og kynningarbréf sem greinir frá reynslu, menntun og fyrri störfum ásamt rökstuðningi fyrir hæfni í starfið. Nánari upplýsingar um starfið er að finna á ráðningarvef Mosfellsbæjar en auk þess veitir Jóhanna B. Hansen framkvæmdarstjóri umhverfissviðs og Kristinn Pálsson, skipulagsfulltrúi, upplýsingar í síma 525 6700. Um framtíðarstarf er að ræða. Öllum umsóknum verður svarað. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Ráðið er í öll störf óháð kyni.

VIRÐING | JÁKVÆÐNI | FRAMSÆKNI | UMHYGGJA

Þverholt 2 | Mosfellsbær 270 | Sími 525 6700 | mos.is

ALLT
FASTEIGNASALA

# ÞÖKKUM FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR

## Við erum reynsluboltar í fasteignaviðskiptum sem vinnum af heilindum fyrir þig



Bjarklind er fædd á Patreksfirði en er alin upp í Breiðholti. Hún er menntaður ferðaráðgjafi og hefur starfað á því sviði lengst af. Þá hefur hún starfað sem löggiltur fasteignasali frá 2018 og hefur unun af. Hún hefur lært magadans og rússnesku og í dag hefur leiklist og spænska fangað huga hennar. Hún elskar að ferðast, er mikill dýravinur og náttúruunnandi. Bjarklind leggur áherslu á að veita trausta, faglega og ábyrga þjónustu.
**bjarklind@allt.is  Sími: 560 5513**

Anna Þóra Jóhannsdóttir er búsett í Mosfellsbæ ásamt dóttur og unnusta. Hún er lögfræðingur að mennt en hefur auk þess réttindi sem löggiltur fasteigna- og skipasali. Þar að auki hefur Anna málflutningsréttindi fyrir héraðsdómi ásamt MLM gráðu í forystu og stjórnun. Anna Þóra gegnir stöðu verkefna- og mannauðsstjóra ásamt því að sinna verkefnum í skjalagerð.
**anna@allt.is Sími: 560 5517**

Aron M. Smárason er löggiltur fasteignasali hjá ALLT fasteignasölu. Hann er frá Njarðvík en fluttist á höfuðborgasvæðið til knattspyrnuiðkunar og vinnu. Hann hefur mikinn áhuga á öllu sem tengist fasteignaviðskiptum. Hann elskar góðan kaffibolla og hvetur hvern sem er til þess að kíkja í einn slíkann og ræða málin.
**aron@allt.is**
**Sími: 560 5516**

**ALLT fasteignasala**
**Þverholti 2  Mosfellsbæ**
**Sími 560 5505**
**allt@allt.is**
**allt.is**

### Viskumoli dagsins

Mikil ábyrgð fylgir kaupum og sölu á fasteign og oftast eru ríkir hagsmunir í húfi.  Lykilatriði í ábyrgð aðila að fasteignakaupum eru upplýsingaskylda seljanda og skoðunarskylda kaupanda sem kveðið er á um í lögum um fasteignakaup.

*Þórir Gunnarsson Listapúki valinn bæjarlistamaður Mosfellsbæjar • Mikill heiður • Stefnir á sýningu í Listasalnum*

# DRAUMUR LISTAPÚKANS RÆTIST

Á sérstakri hátíðardagskrá í Listasal Mosfellsbæjar í lok ágúst var myndlistamaðurinn Þórir Gunnarsson, einnig þekktur sem Listapúkinn, útnefndur bæjarlistamaður Mosfellsbæjar árið 2021.

Menningar- og nýsköpunarnefnd Mosfellsbæjar sér um val bæjarlistamanns ár hvert og veitti Sólveig Franklínsdóttir formaður nefndarinnar Þóri verðlaunagrip eftir listakonuna Ingu Elínu ásamt viðurkenningarfé sem fylgir nafnbótinni.

**Þekktur fyrir litríkar portrettmyndir**

Þórir Gunnarsson er fæddur árið 1978 og er Mosfellingur í húð og hár. Hann hefur starfað á Múlalundi, æft íþróttir og verið öflugur meðlimur stuðningsklúbbsins Rothöggsins.

Hann er ötull í list sinni, kappsamur og hugmyndaríkur. Myndir hans spegla oftar en ekki fegurð hversdagsleikans en einnig er hann þekktur fyrir litríkar portrettmyndir sínar af vinum og vandamönnum jafnt sem þjóðþekktum einstaklingum.

Þórir sýndi í Kaffihúsinu í Álafosskvos árin 2012, 2013, 2014 og 2015, á Blik á bæjarhátíðinni Í túninu heima árið 2018 og samsýningu á vegum Listar án landamæra í Gallerí Gróttu árið 2020.

**Sækir um í Listaháskóla Íslands**

„Þetta kom mér skemmtilega á óvart,“ segir Þórir Listapúki. „Ég varð mjög hissa og átti ekki von á þessu. Maður er bara kominn í heiðurshöllina með frábærum listamönnum sem hafa hlotið þennan titil í gegnum tíðina. Þetta er mikill heiður fyrir mig,“ segir Listapúkinn sem játar það að þetta hafi verið draumur hans í mörg ár að verða einhverntíma bæjarlistamaðurinn.

Það þekkja allir Listapúkann í Mosfellsbæ. Alltaf brosandi og alltaf glaður, það skiptir miklu máli.

Þórir segir Listapúkanafnið hafa fest við sig en það eigi stundum til að brjótast fram í honum smá púki. „Þetta er bara listamannanafnið mitt.“

Þórir hefur lokið námi frá Myndlistaskóla Reykjavíkur og segir stílinn sinn hafa þróast heilmikið að undanförnu. „Ég mála landslag, hús, fólk, dýr, strætó, ljósastaura, umferðarljós o.fl.“

Þórir hefur sótt um inngöngu í Listaháskóla Íslands en ekki fengið inngöngu enn. Hann er þó bjartsýnn á framhaldið og ætlar að sjálfsögðu að sækja um á næsta ári með bæjarlistanafnbótina uppi í erminni.

**Hleypur heilt maraþon um helgina**

Listapúkinn ætlar að notfæra sér nafnbótina til góðs og koma sér ennþá betur á framfæri auk þess sem fyrirhuguð er sýning í Listasal Mosfellsbæjar á nýju ári.

Listapúkinn undirbýr sig þessa dagana undir Reykjavíkurmaraþonið sem hann ætlar að hlaupa á laugardaginn, heilt maraþon. Hægt er að heita á Þóri og styrkja barnaspítala Hringsins. „Það er gott málefni og það þarf að hjálpa börnum sem veikjast,“ segir bæjarlistapúkinn að lokum og minnir á að hægt er að fylgjast með honum á helstu samfélagsmiðlum.



*Haraldur Sverrisson bæjarstjóri, Sólveig Franklínsdóttir formaður menningar- og nýsköpunarnefndar, Þórir Listapúki, Vilborg Þorgeirsdóttir móðir, Gunnar Þórisson faðir, Guðrún Von litla frænka Þóris.*

**BÆJARLISTAMENN MOSFELLSBÆJAR**

| | |
|---|---|
| 1995 | Skólahljómsveit Mosfellsbæjar |
| 1996 | Leikfélag Mosfellssveitar |
| 1997 | Inga Elín Kristinsdóttir |
| 1998 | Sigrún Hjálmtýsdóttir |
| 1999 | Sigurður Þórólfsson |
| 2000 | Karlakórinn Stefnir |
| 2001 | Sigur Rós |
| 2002 | Anna Guðný Guðmundsdóttir |
| 2003 | Steinunn Marteinsdóttir |
| 2004 | Guðrún Tómasd. og Frank Ponzi |
| 2005 | Símon H. Ívarsson |
| 2006 | Jóhann Hjálmarsson |
| 2007 | Ólöf Oddgeirsdóttir |
| 2008 | Guðný Halldórsdóttir |
| 2009 | Sigurður Ingvi Snorrason |
| 2010 | Jón Kalman Stefánsson |
| 2011 | Bergsteinn Björgúlfsson |
| 2012 | Páll Helgason |
| 2013 | Ólafur Gunnarsson |
| 2014 | Kaleo |
| 2015 | Leikfélag Mosfellssveitar |
| 2016 | Greta Salóme Stefánsdóttir |
| 2017 | Davíð Þór Jónsson |
| 2018 | Steinþór Hróar Steinþórsson |
| 2019 | GDRN |
| 2020 | Óskar Einarsson |
| 2021 | Þórir Gunnarsson Listapúki |




PÍRATAR

# LÝÐRÆÐI
# EKKERT KJAFTÆÐI

25. september





## Halla Karen nýr formaður í Framsókn

Nýverið var haldinn aðalfundur Framsóknarfélags Mosfellsbæjar og var kosin ný stjórn. Kjörinn formaður er Halla Karen Kristjánsdóttir, aðrir í stjórn eru Kjartan Helgi Ólafsson, Þorbjörg Sólbjartsdóttir, Örvar Jóhannsson og Leifur Ingi Eysteinsson. Félagið hefur sett á laggirnar gönguhópinn „Framsækn-ir fætur“ og fór fyrsta gangan fram sunnudaginn 12. september og var hún tileinkuð alþingiskosningunum og framboði flokksins í Suðvesturkjördæmi. Öllum er velkomið að slást í för í næstu göngu sem verður auglýst síðar. Gleðin verður í fyrirrúmi og málefni bæjarfélagsins rædd. Þá stendur flokkurinn fyrir Framsóknar-festivali á Barion í kvöld, fimmtudagin 16. sept., þar sem brekkusöngvarinn Magnús Kjartan sér um fjörið og boðið verður upp á veitingar.















Nánari upplýsingar á heimasíðu og samfélagsmiðlunum facebook & instagram undir: lagafellskirkja

# Hvað veist þú um trans börn?

Á undanförnum árum hafa trans börn komið út bæði yngri og í meira mæli en áður. Í dag eru trans börn í því sem næst öllum grunnskólum Mosfellsbæjar og er því vel við hæfi að fjalla um málefni trans barna á jafnréttisdegi Mosfellsbæjar 2021.

Með aukinni fræðslu um trans börn náum við að vinna gegn fordómum, sýna aukinn stuðning og hjálpa þessum börnum að njóta sín.
Við hvetjum alla Mosfellinga sem og aðra, að fræðast um þetta mikilvæga málefni með því að **skanna QR kóðann.**

Opnaðu **myndavélina** á snjallsímanum **og skannaðu kóðann**

# GÓMSÆT HELGARTILBOÐ

**GILDA 16.–19. SEPTEMBER**



## GRÍSALÆRI
**PURUSTEIK**

60% AFSLÁTTUR

**598** KR/KG
**ÁÐUR:** 1.495 KR/KG

KJÖTBORÐ

KJÖTSEL



43% AFSLÁTTUR

**Grísahakk**
3x1 kg - frosið
**1.879** KR/PK
**ÁÐUR:** 3.299 KR/PK

Heilsuvara vikunnar!




25% AFSLÁTTUR

**Granóla með berjum**
Änglamark - 400 g
**674** KR/PK
**ÁÐUR:** 899 KR/PK

GOÐI



NÝTT

**Lambalæri**
Nýslátrað - Goði
**1.599** KR/KG

**Ananas**
**189** KR/KG
**ÁÐUR:** 378 KR/KG



50% AFSLÁTTUR

GOÐI



50% AFSLÁTTUR

**Pítubuff**
6x60 g - með brauði
**1.050** KR/PK
**ÁÐUR:** 2.099 KR/PK

KJÖTBORÐ




30% AFSLÁTTUR

**Nautabuff**
4x110 g
**769** KR/PK
**ÁÐUR:** 1.099 KR/PK

GOÐI



GOTT VERÐ!

**Lambanýru**
Fersk
**299** KR/KG

**Lambalifur**
Fersk
**399** KR/KG

**Lambahjörtu**
Fersk
**399** KR/KG



**FÁÐU BETRA VERÐ MEÐ SAMKAUP Í SÍMANUM**

Náðu í appið og safnaðu inneign.

Þú getur notað Samkaupa-appið í öllum Nettó verslunum.

nettó
Lægra verð – léttari innkaup

*Tilboðin gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.*
*Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.*

LÍF OG FJÖR Á VARMÁRVELLI

# KVENNAHLAUP Í MOSÓ



Myndir/RaggiÓla


# KOSNINGAKAFFI

**Sjálfstæðisfélag Mosfellinga býður í kosningakaffi í FMOS á kjördag, laugardaginn 25. september, kl. 10-18.**

Hefðbundið veislu-hlaðborð að hætti Sjálfstæðismanna.

Auk þess verður boðið upp á kjötsúpu kl. 11 - 14.



**Með bestu kveðju**
*Sjálfstæðisfélag Mosfellinga*
*Viljinn, félag ungra sjálfstæðismanna í Mosfellsbæ*
*Fulltrúaráð Sjálfstæðisflokksins í Mosfellsbæ*

# TRÍÓ

## — MÁNAÐARINS —

→ EIN STÓR PIZZA ←

# 1.990 KR.

AÐEINS EF ÞÚ PANTAR Á NETINU EÐA MEÐ APPINU, GREIÐIR FYRIR FRAM OG SÆKIR

PANTAÐ Á
NETINU EÐA
MEÐ APPINU OG
GREITT FYRIR FRAM

STÓR -PIZZA-

3

ÞRJÁR PIZZUR AF
MATSEÐLI Á SJÓÐ-
HEITU TILBOÐSVERÐI
Í HVERJUM MÁNUÐI

DOMINOS.IS | DOMINO'S APP

# FRAM UNDAN Á
# BARION

SPORTIÐ í beinni

**Boltinn í beinni** - fylgstu með á Facebook og Instagram



— **16. SEPT.** **FRAMSÓKNAR-FESTIVAL**

Magnús Kjartan brekkusöngsstjóri mætir með gítarinn og jökulkaldur í boði. Framsókn þjófstartar Októberfest á fimmtudagskvöldið með látum.



— **17. SEPT** **HÓPAKARÓKÍ MEÐ SIGGU KLING**

Sigga Kling og Gassi Kling stjórna stemningunni á föstudagskvöldið. Hópakarókí þar sem þú situr við borðið þitt, við spilum lagið þitt og allur salurinn syngur. Þú vilt ekki missa af þessu. Tryggðu þér sæti á Barion.is



— **18. SEPT.** **SVENNI ÞÓR Á BARION**

Tónlistarmaðurinn Svenni Þór með lifandi tónlist á laugardaginn frá kl. 22. Söngvari hljómsveitarinnar Nýju fötin keisarans mætir með gítarinn.



— **23. SEPT.** **PUBQUIZ UNGRA XD**

Skemmtikvöld ungra sjálfstæðismanna kl. 21-23. PubQuiz með Jóhanni Alfreði og Bryndísi Haralds. Léttar veitingar í boði og allir velkomnir.



— **25. SEPT.** **KOSNINGAVAKA MOSFELLINGA**

Alexander Aron skemmtir gestum á kosningavöku Barion frá kl. 22. Lifandi tónlist og nýjustu tölur á skjánum. Allir velkomnir!



— **9. OKT.** **TRÍÓIÐ KÓKOS STÍGUR Á STOKK**

Gústi, Öddi og Eva mæta til leiks og trylla sveitunga sína laugardagskvöldið 9. október. Ekta mosfellsk stemning eins og hún gerist best.

HÆGT ER AÐ PANTA BORÐ Í SÍMA 456-4040

BARION_MOSO

ÞVERHOLTI 1 | 270 MOSFELLSBÆ | S. 456-4040 | WWW.BARION.IS | BARION@BARION.IS



NÝTT Á ÍSLANDI
HÓPA KARÓKÍ
MEÐ SIGGU KLING
FÖSTUDAGINN 17. SEPTEMBER KL. 22-24.
SIGGA OG GASSI KLING STJÓRNA FERÐINNI.
TRYGGÐU ÞÉR SÆTI Á BARION.IS
(1.800 KR. OG DRYKKUR INNIFALINN)
ÞORIR ÞÚ?
STERKUSTU VÆNGIR Á ÍSLANDI
NÚ FÁANLEGIR Á BARION MOSÓ
2.495 KR.
KJÚKLINGAVÆNGIR OG BARION LAGER
BBQ
KOREAN
HOT
MANGO HABANERO
CAROLÍNA REAPER
BRYGGJAN BRUGGHÚS
bistro & brewery
OKTÓBERFEST Á BARION
HEFST UM HELGINA
ÞYRSTIR ÞIG Í STEMNINGU?
TILBOÐ Á BARNUM
PROST!
léttöl
FERÐA-GJÖF
ÁVAXTAÐU GLEÐINA!
Breyttu 5.000 kr. ferðaávísun í 9.000 kr. inneign hjá okkur.
Þínar gjafir
FERÐA-GJÖF
5.000 kr.
3000 KR.
BARION
3.000 kr. á Barion / 3.000 kr. á Hlöllabátum / 3.000 kr. í Minigarðinn
ÞVERHOLTI 1 | 270 MOSFELLSBÆ | SÍMI 456 4040 | WWW.BARION.IS
BARION
MATBAR



Listasalur Mosfellsbæjar

# SYKURSÆT OPNUN

Mikið fjör var við opnun sýningarinnar Bonís í Listasal Mosfellsbæjar 10. september sl.

Bonís er hugmyndaverk grafíska hönnuðarins og Mosfellingsins Sigurðar Ó.L. Bragasonar og fjölskyldu hans. Bonís (sem er búið til úr orðunum bonbon og kandís) er sykursætur heimur þar sem búa litlar verur innan um sykurpúða, ísrétti og önnur sætindi. Verurnar sjálfar klæðast flíkum úr ýmsum ávöxtum og nammi.

Á sýningunni eru myndir af Bonís-heiminum og vörur sem tengjast honum. Á opnunni var boðið upp á litríka kleinuhringi frá Mosfellsbakarí sem vöktu mikla lukku sýningargesta. Bonís-heimurinn er í stöðugri þróun og vilja Sigurður og fjölskylda hans endilega fá að heyra hugmyndir og vangaveltur sýningargesta um verkefnið. Síðasti sýningardagur er 8. október.



Bókasafn Mosfellsbæjar • Fimmtudagsfræðsla

# Virðingarríkt uppeldi og mýtur foreldrahlutverksins

Bókasafn Mosfellsbæjar fer nú af stað með fyrirlestraröð undir heitinu *Fimmtudagsfræðsla* þar sem fjallað verður um ólík málefni samfélagsins. Erindin verða haldin einu sinni í mánuði og hefjast kl. 17.

Fyrsta Fimmtudagsfræðslan verður 30. september. Þá fjallar Guðrún Birna le Sage de Fontenay, markþjálfi og meðlimur í félaginu Meðvitaðir foreldrar, um mýtur foreldrahlutverksins og þær viðhorfsbreytingar sem fylgja virðingarríku og meðvituðu uppeldi.

Félag Meðvitaðra foreldra hefur undanfarin ár vakið mikla athygli á virðingarríku uppeldi, til að mynda á uppeldisstefnunni RIE, í gegnum reglulega viðburði og hlaðvarp sitt, *Virðing í uppeldi - Meðvitaðir foreldrar.*

Guðrún Birna hefur haldið mörg erindi um uppeldi ungbarna en hér er á ferðinni nýr fyrirlestur sem foreldrar barna á öllum aldri geta nýtt sér í uppeldishlutverkinu.



**Erindi Guðrúnar Birnu verður haldið í Bókasafni Mosfellsbæjar 30. september kl. 17. Aðgangur er ókeypis.**

Bókasafn Mosfellsbæjar

# Handritasmiðja í Bókasafninu

Handritasmiðja Árnastofnunar verður haldin í Bókasafni Mosfellsbæjar laugardaginn 18. september kl. 13-15. Stutt kynning á verkun skinns í bókfell, gerð bleks og lita til skreytingar, pennaskurði og bókbandi hefst kl. 14.

Fræðarar leiða gesti inn í heim horfinnar verkmenningar og gefa innsýn í handverk og efni við bókagerð á miðöldum. Skólabörn eru sérstaklega velkomin og býðst að spreyta sig á að skrifa með fjaðurpenna og jurtableki á bókfell eins og tíðkaðist við ritun fornu skinnhandritanna. Aðgangur ókeypis.




# Sögustund

**í Bókasafni Mosfellsbæjar**

**Þriðjudaginn 21. september kl. 16:45**

Í fyrstu sögustund vetrarins lesum við saman Brosbókina eftir Jónu Valborgu Árnadóttur og Elsu Nielsen.

Dag einn hverfur brosið hennar Sólu á dularfullan hátt. Mamma og pabbi eru í öngum sínum. Hafði Sóla týnt brosinu sínu á meðan hún svaf? Hafði kannski einhver stolið því?






**Öll velkomin!**



# Hjólið þitt með Dr. BÆK

við Miðbæjartorg Mosfellsbæjar **mánudaginn 20. september kl. 15 – 17** í tilefni af **Evrópsku samgönguvikunni**, 16. – 22. september.

Við hvetjum alla hjóleigendur að koma með hjólhesta sína í þessa fríu ástandsskoðun hjá Dr. Bæk.

Doktorinn kemur með farandskoðunarstöðina sína, pumpu, olíur og nokkra skiptilykla. Hann skoðar hjólin og vottar heilsu þeirra.

Alls konar spurningar leyfðar.

MOSFELLSBÆR

EVRÓPSK SAMGÖNGU VIKA 16.-22. SEPTEMBER

hjólafærni


MIÐFLOKKURINN
XM
Höfnum ESB!
Höfnum aðild að ESB, verjum fullveldið
og tryggjum fullt forræði yfir orkuauðlindum.

# Auglýsing frá yfirkjörstjórn Suðvesturkjördæmis um framboð í Suðvesturkjördæmi við alþingiskosningar 25. september 2021

## Við alþingiskosningar 25. september 2021 verða þessir listar í kjöri í Suðvesturkjördæmi:

## B - listi

### Framsóknarflokks:

**1. Willum Þór Þórsson,** kt. 170363-2569, þingmaður, Bakkasmára 1, Kópavogi.
**2. Ágúst Bjarni Garðarsson,** kt. 290987-2539, formaður bæjarráðs Hafnarfjarðar, Brekkuási 5, Hafnarfirði.
**3. Anna Karen Svövudóttir,** kt. 180177-2139, þýðandi, Kirkjuvöllum 8a, Hafnarfirði.
**4. Kristín Hermannsdóttir,** kt. 170298-2419, háskólanemi, Heiðaþingi 8, Kópavogi.
**5. Ívar Atli Sigurjónsson,** kt. 070193-3379, flugmaður, Hlynsölum 5–7, Kópavogi.
**6. Svandís Dóra Einarsdóttir,** kt. 050784-4289, leikkona, Lyngbrekku 10, Kópavogi.
**7. Ómar Stefánsson,** kt. 140766-3139, forstöðumaður, Kastalagerði 4, Kópavogi.
**8. Halla Karen Kristjánsdóttir,** kt. 070270-4719, íþróttakennari, Helgafelli 5, Mosfellsbæ.
**9. Baldur Þór Baldvinsson,** kt. 190641-2959, eldri borgari, Lækjasmára 6, Kópavogi.
**10. Margrét Vala Marteinsdóttir,** kt. 020386-2669, forstöðukona, Suðurgötu 21, Hafnarfirði.
**11. Valdimar Víðisson,** kt. 100978-3509, skólastjóri, Brekkuási 7, Hafnarfirði.
**12. Hjördís Guðný Guðmundsd,** kt. 030980-5309, deildarstjóri, Dýjagötu 15, Garðabæ.
**13. Einar Gunnarsson,** kt. 091286-6029, stjórnmálafræðingur, Álalind 14, Kópavogi.
**14. Þorbjörg Sólbjartsdóttir,** kt. 160776-6099, grunnskóla- og íþróttakennari, Laxatungu 10, Mosfellsbæ.
**15. Árni Rúnar Árnason,** kt. 310373-5599, tækjamaður, Álfaskeiði 72, Hafnarfirði.
**16. Dóra Sigurðardóttir,** kt. 140743-4889, hjúkrunarfræðingur, Víkurströnd 14, Seltjarnarnesi.
**17. Páll Marís Pálsson,** kt. 110597-3129, háskólanemi, Dimmuhvarfi 10, Kópavogi.
**18. Björg Baldursdóttir,** kt. 180969-5279, skólastjóri, Haukalind 23, Kópavogi.
**19. Sigurjón Örn Þórsson,** kt. 110367-4149, framkvæmdastjóri, Iðalind 4, Kópavogi.
**20. Tinna Rún Davíðsdóttir,** kt. 230187-3479, verslunareigandi, Hraungötu 14, Garðabæ.
**21. Einar Sveinbjörnsson,** kt. 230365-3189, veðurfræðingur, Eikarási 8, Garðabæ.
**22. Helga Björk Jónsdóttir,** kt. 280876-5779, djákni, Sjávargötu 31, Garðabæ.
**23. Einar Gunnar Bollason,** kt. 061143-4089, fyrrv. framkvæmdastjóri, Kópavogsgerði 5–7, Kópavogi.
**24. Hildur Helga Gísladóttir,** kt. 100860-4069, fyrrv. framkvæmdastjóri Kvenfélagasambands Íslands, Klausturhvammi 15, Hafnarfirði.
**25. Birkir Jón Jónsson,** kt. 240779-5289, formaður bæjarráðs Kópavogs, Ásakór 3, Kópavogi.
**26. Eygló Þóra Harðardóttir,** kt. 121272-5119, fyrrv. alþingismaður og ráðherra, Laxatungu 129, Mosfellsbæ.

## C - listi

### Viðreisnar:

**1. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir,** kt. 041065-3039, formaður Viðreisnar, Mávahrauni 7, Hafnarfirði.
**2. Sigmar Guðmundsson,** kt. 070469-3409, fjölmiðlamaður, Blönduhlíð 20, Reykjavík.
**3. Elín Anna Gísladóttir,** kt. 310388-2979, verkfræðingur, Ástu-Sólliljugötu 20, Mosfellsbæ.
**4. Thomas Möller,** kt. 210254-5609, verkfræðingur og ráðgjafi, Garðatorgi 2b, Garðabæ.
**5. Ástrós Rut Sigurðardóttir,** kt. 180588-2489, þjónustufulltrúi, Engjavegi 63, Selfossi.
**6. Rafn Helgason,** kt. 180590-3669, umhverfis- og auðlindafræðingur, Asparási 8, Garðabæ.
**7. Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir,** kt. 030778-5109, lögmaður, Hásölum 14, Kópavogi.
**8. Jón Ingi Hákonarson,** kt. 240171-3179, bæjarfulltrúi, Nönnustíg 5, Hafnarfirði.
**9. Sigrún Jónsdóttir,** kt. 101066-3399, flugfreyja, Norðurbakka 9a, Hafnarfirði.
**10. Guðlaugur Kristmundsson,** kt. 140981-3899, þjálfari, Melhæð 6, Garðabæ.
**11. Kristín Pétursdóttir,** kt. 091165-8059, sjálfstætt starfandi ráðgjafi, Hringbraut 59, Hafnarfirði.
**12. Ívar Lilliendahl,** kt. 180890-3199, læknir, Ljósuvík 34, Reykjavík.
**13. Kristjana Þorbjörg Jónsd.,** kt. 190574-3509, sölufulltrúi, Lindarhvammi 12, Hafnarfirði.
**14. Hermundur Sigurðsson,** kt. 100273-4549, raffræðingur, Engjavöllum 6, Hafnarfirði.
**15. Soumia I. Georgsdóttir,** kt. 221275-2419, framkvæmdastjóri, Bakkahjalla 15, Kópavogi.
**16. Þórólfur Heiðar Þorsteins,** kt. 160680-3859, lögmaður, Kópavogsbarði 18, Kópavogi.
**17. Sigríður Sía Þórðardóttir,** kt. 140970-5739, forstöðumaður, Skjólbraut 8, Kópavogi.
**18. Jón Gunnarsson,** kt. 020501-2860, háskólanemi, Garðatorgi 2b, Garðabæ.
**19. Auðbjörg Ólafsdóttir,** kt. 281279-4329, yfirmaður samskipta, Hverfisgötu 52b, Hafnarfirði.
**20. Páll Árni Jónsson,** kt. 051050-8199, stjórnarformaður, Nesbala 78, Seltjarnarnesi.
**21. Karólína Helga Símonard.,** kt. 221084-3229, framhaldsskólakennari, Hlíðarbraut 5, Hafnarfirði.
**22. Magnús Ingibergsson,** kt. 230171-4679, húsasmíðameistari, Kvíslartungu 33, Mosfellsbæ.
**23. Þórey S. Þórisdóttir,** kt. 231063-4129, doktorsnemi, Þúfubarði 9, Hafnarfirði.
**24. Eyþór Eðvarðsson,** kt. 110967-4039, ráðgjafi, Sjávargötu 29, Garðabæ.
**25. Theodóra S Þorsteinsdóttir,** kt. 020969-5479, fyrrv. alþingismaður, Fjallalind 43, Kópavogi.
**26. Þorsteinn Pálsson,** kt. 291047-4679, fyrrv. ráðherra, Vatnsstíg 20–22, Reykjavík.

## D - listi

### Sjálfstæðisflokks:

**1. Bjarni Benediktsson,** kt. 260170-5549, fjármála- og efnahagsráðherra, Bakkaflöt 2, Garðabæ.
**2. Jón Gunnarsson,** kt. 210956-4179, alþingismaður, Austurkór 155, Kópavogi.
**3. Bryndís Haraldsdóttir,** kt. 291276-3779, alþingismaður, Skeljatanga 12, Mosfellsbæ.
**4. Óli Björn Kárason,** kt. 260860-4619, alþingismaður, Tjarnarmýri 17, Seltjarnarnesi.
**5. Arnar Þór Jónsson,** kt. 020571-4709, héraðsdómari, Hegranesi 32, Garðabæ.
**6. Sigþrúður Ármann,** kt. 130477-3809, framkvæmdastjóri, Hraunhólum 23, Garðabæ.
**7. Kristín María Thoroddsen,** kt. 201168-5469, bæjarfulltrúi, Burknabergi 4, Hafnarfirði.
**8. Guðbjörg Oddný Jónasdóttir,** kt. 050285-2279, samskiptastjóri, Hraunbrún 48, Hafnarfirði.
**9. Bergur Þorri Benjamínsson,** kt. 150279-4889, formaður Sjálfsbjargar, Dalbrekku 8, Kópavogi.
**10. Hannes Þórður Þorvaldsson,** kt. 130483-4379, lyfjafræðingur, Fögrubrekku 25, Kópavogi.
**11. Halla Sigrún Mathiesen,** kt. 221297-3349, formaður SUS, Lindarbergi 18, Hafnarfirði.
**12. Gísli Eyjólfsson,** kt. 310594-2379, knattspyrnumaður og þroskaþjálfi, Baugakór 3, Kópavogi.
**13. Sigríður Heimisdóttir,** kt. 210270-3109, iðnhönnuður, Tjarnarstíg 4, Seltjarnarnesi.
**14. Halla Karí Hjaltested,** kt. 180286-2419, verkefnastjóri, Austurkór 2, Kópavogi.
**15. Jana Katrín Knútsdóttir,** kt. 031086-2649, hjúkrunarfræðingur, Leirutanga 18, Mosfellsbæ.
**16. Dragoslav Stojanovic,** kt. 011069-2589, húsvörður, Núpalind 2, Kópavogi.
**17. Inga Þóra Pálsdóttir,** kt. 260701-2230, laganemi við HÍ, Selbraut 11, Seltjarnarnesi.
**18. Guðfinnur Sigurvinsson,** kt. 190878-4069, stjórnsýslufræðingur, Löngulínu 10, Garðabæ.
**19. Guðmundur Ingi Rúnarsson,** kt. 150880-5569, lögreglumaður, Hlíðartúni 4a, Mosfellsbæ.
**20. Sólon Guðmundsson,** kt. 010796-2029, flugmaður, Efstuhlíð 31, Hafnarfirði.
**21. Helga Möller,** kt. 120557-2469, tónlistarmaður, Vefarastræti 12, Mosfellsbæ.
**22. Kristján Jónas Svavarsson,** kt. 070671-5659, stálvirkjasmíðameistari, Erluhrauni 9, Hafnarfirði.
**23. Björgvin Elvar Björgvinsson,** kt. 110170-3359, málarameistari, Gerplustræti 19, Mosfellsbæ.
**24. Petrea Ingibjörg Jónsdóttir,** kt. 141149-4239, fyrrv. skrifstofustjóri, Vallarbraut 6, Seltjarnarnesi.
**25. Ingimar Sigurðsson,** kt. 260656-3689, vátryggingaráðgjafi, Hrólfsskálamel 6, Seltjarnarnesi.
**26. Laufey Jóhannsdóttir,** kt. 060348-4729, leiðsögumaður, Strandvegi 19, Garðabæ.

## F - listi

### Flokks fólksins:

**1. Guðmundur Ingi Kristinsson,** kt. 140755-7299, alþingismaður, Sunnusmára 24, Kópavogi.
**2. Jónína Björk Óskarsdóttir,** kt. 250153-2799, skrifstofustjóri, Engihjalla 3, Kópavogi.
**3. Sigurður Tyrfingsson,** kt. 251260-4009, löggiltur fasteignasali og húsasmíðameistari, Vindakór 10–12, Kópavogi.
**4. Þóra Gunnlaug Briem,** kt. 081276-4129, tölvunarfræðingur, Lækjasmára 2, Kópavogi.
**5. Stefanía Hinriksdóttir,** kt. 140974-3909, bifvéla- og bifhjólavirki, Hólabergi 82, Reykjavík.
**6. Ósk Matthíasdóttir,** kt. 080979-5769, förðunarfræðingur, Engjahlíð 1, Hafnarfirði.
**7. Hafþór Rúnar Gestsson,** kt. 051255-4539, prófdómari, Sjávargrund 13a, Garðabæ.
**8. Magnús Bjarnarson,** kt. 041250-2679, lífeyrisþegi, Vesturbrú 1, Garðabæ.
**9. Bjarni Steinarsson,** kt. 201067-5109, körfubílstjóri, Hjallabraut 9, Hafnarfirði.
**10. Páll Þ. Ó. Hillers,** kt. 040163-4339, framkvæmdastjóri, Lyngmóum 9, Garðabæ.
**11. Davíð Örn Guðmundsson,** kt. 160787-2529, móttökustjóri, Fjarðarseli 19, Reykjavík.
**12. Einar Magnússon,** kt. 120255-5339, rafvirki, Kristnibraut 8, Reykjavík.
**13. Gunnar Þór Þórhallsson,** kt. 180135-7319, vélfræðingur, Suðurlandsbraut 60, Reykjavík.
**14. Heiða Leifsdóttir,** kt. 301153-7919, huglistamaður, Auðbrekku 36, Kópavogi.
**15. Karl Hjartarson,** kt. 110448-7599, varðstjóri, lögreglumaður, Digranesheiði 5, Kópavogi.
**16. Erla Magnúsdóttir,** kt. 080147-2609, fyrrv. sundlaugarvörður, Álfaskeiði 102, Hafnarfirði.
**17. Vilborg Reynisdóttir,** kt. 280459-3649, starfsmaður í félagsstarfi eldri borgara, Eskivöllum 21a, Hafnarfirði.
**18. Guðni Karl Harðarson,** kt. 230754-2769, öryrki, Ásbraut 17, Kópavogi.
**19. Margrét G. Sveinbjörnsd.,** kt. 050147-7469, skólaliði, Álfaskeiði 102, Hafnarfirði.
**20. Andrea Kristjana Sigurðardóttir,** kt. 180178-3179, atvinnulaus, Engjahlíð 1, Hafnarfirði.
**21. Katrín Gerður Júlíusdóttir,** kt. 250555-3699, öryrki, Klukkubergi 5a, Hafnarfirði.
**22. Kolbeinn Sigurðsson,** kt. 200959-7799, framkvæmdastjóri, Kvistavöllum 59, Hafnarfirði.
**23. Guðmundur Ingi Guðmundsson,** kt. 040192-2399, sölumaður, Sunnusmára 24, Kópavogi.
**24. Ragnheiður Hrefna Gunnarsdóttir,** kt. 250650-5159, sjúkraliði, Digranesheiði 5, Kópavogi.
**25. Baldur Freyr Guðmunds.,** kt. 050285-2199, öryrki, Sunnusmára 24, Kópavogi.
**26. Jón Númi Ástvaldsson,** kt. 301054-4329, öryrki, Berjahlíð 3, Hafnarfirði.

## J - listi

### Sósíalistaflokks Íslands:

**1. María Pétursdóttir,** kt. 040872-5079, myndlistarkona og öryrki, Huldubraut 1, Kópavogi.
**2. Þór Saari,** kt. 090660-8299, hagfræðingur, Breiðabólstöðum, Álftanesi.
**3. Agnieszka Sokolowska,** kt. 281180-2669, bókavörður, Lækjargötu 4, Hafnarfirði.
**4. Luciano Domingues Dutra,** kt. 061173-2699, þýðandi, Nesvegi 100, Seltjarnarnesi.
**5. Ester Bíbí Ásgeirsdóttir,** kt. 301275-5879, tónlistarmaður og kvikmyndagerðarkona, Langeyrarvegi 3, Hafnarfirði.
**6. Hörður Svavarsson,** kt. 150160-2949, leikskólastjóri, Hólabraut 6, Hafnarfirði.
**7. Nanna Hlín Halldórsdóttir,** kt. 050984-2229, nýdoktor, Safamýri 38, Reykjavík.
**8. Sæþór Benjamín Randalsson,** kt. 311081-2929, matráður, Smiðjuvegi, Efstalandi, Kópavogi.
**9. Ingibjörg Ýr Jóhannsdóttir,** kt. 010380-4219, rannsóknarlögreglumaður og stjórnsýslufræðingur, Hamraborg 28, Kópavogi.
**10. Tómas Atli Ponzi,** kt. 100659-3799, garðyrkjubóndi, Háteigsvegi 38, Reykjavík.
**11. Sara Stef. Hildardóttir,** kt. 150673-3729, upplýsingafræðingur, Skjólbraut 10, Kópavogi.
**12. Agni Freyr Arnarson Kuzminov,** kt. 061199-2339, námsmaður, Miðbraut 12, Seltjarnarnesi.
**13. Zuzanna Elvira Korpak,** kt. 091100-4280, námsmaður, Bjarkavöllum 1b, Hafnarfirði.
**14. Sigurður Hergeir Einarsson,** kt. 080857-5199, vélvirki, Norðurvangi 20, Hafnarfirði.
**15. Silja Rún Högnadóttir,** kt. 170702-2470, myndlistarnemi, Hulduhlíð 5, Mosfellsbæ.
**16. Alexey Matveev,** kt. 160978-2959, skólaliði, Frostaþingi 11, Kópavogi.
**17. Freyja Sól Pálsdóttir,** kt. 151098-2079, vakstjóri, Garðastræti 16, Reykjavík.
**18. Arnlaugur Samúel Arnþórs,** kt. 111099-2789, garðyrkjumaður, Hlíðarhvammi 3, Kópavogi.
**19. Kolbrún Valvesdóttir,** kt. 190456-4559, starfsmaður í heimaþjónustu, Hlíðarvegi 38, Kópavogi.
**20. Baldvin Björgvinsson,** kt. 111167-4949, framhaldsskólakennari, Hrauntungu 42, Kópavogi.
**21. Elsa Björk Harðardóttir,** kt. 200368-5339, grunnskólakennari og öryrki, Prestastíg 1, Reykjavík.
**22. Jón Hallur Haraldsson,** kt. 060578-4519, forritari, Vesturvangi 8, Hafnarfirði.
**23. Brynhildur Yrsa Valkyrja Guðmundsdóttir,** kt. 150677-5219, leikskólakennari, Brekkuhvammi 18, Hafnarfirði.
**24. Gísli Pálsson,** kt. 221249-2089, mannfræðiprófessor, Hrólfsskálamel 3, Seltjarnarnesi.
**25. Erling Smith,** kt. 020564-7849, tæknifræðingur og öryrki, Dvergholti 8, Mosfellsbæ.
**26. Sylviane Lecoultre,** kt. 200153-7909, iðjuþjálfi, Grænumýri 12, Seltjarnarnesi.

# Auglýsing frá yfirkjörstjórn Suðvesturkjördæmis um framboð í Suðvesturkjördæmi við alþingiskosningar 25. september 2021

**Yfirkjörstjórn Suðvesturkjördæmis, 14. september 2021**

## M - listi
**Miðflokksins:**

**1. Karl Gauti Hjaltason,** kt. 310559-5559, alþingismaður, Grófarsmára 15, Kópavogi.
**2. Nanna Margrét Gunnlaugsdóttir,** kt. 090478-5409, framkvæmdastjóri, Góðakri 2, Garðabæ.
**3. Brynjólfur Þorkell Brynjólfsson,** kt. 231100-2450, aðstoðarbyggingastjóri og nemi, Galtalind 28, Kópavogi.
**4. Arnhildur Ásdís Kolbeins,** kt. 010262-2839, fjármálastjóri, Gauksási 57, Hafnarfirði.
**5. Sveinn Óskar Sigurðsson,** kt. 270768-5989, bæjarfulltrúi, Barrholti 23, Mosfellsbæ.
**6. Hafliði Ingason,** kt. 100874-2969, sölustjóri, Sunnuvegi 12, Hafnarfirði.
**7. Elías Leví Elíasson,** kt. 231199-2339, nemi, Klapparhlíð 24, Mosfellsbæ.
**8. Íris Kristina Óttarsdóttir,** kt. 040771-4849, markaðsfræðingur, Krókamýri 80b, Garðabæ.
**9. Þórunn Magnea Jónsdóttir,** kt. 040376-4299, viðskiptafræðingur, Vefarastræti 15, Mosfellsbæ.
**10. Brynjar Vignir Sigurjónsson,** kt. 180602-2750, nemi, Bjargartanga 12, Mosfellsbæ.
**11. Haraldur Anton Haraldsson,** kt. 120385-2759, kennari, Álfkonuhvarfi 35, Kópavogi.
**12. Kolbeinn Helgi Kristjánsson,** kt. 071192-2969, fangavörður, Klapparhlíð 32, Mosfellsbæ.
**13. Jón Kristján Brynjarsson,** kt. 210852-4689, ellilífeyrisþegi, Suðurtúni 5, Garðabæ.
**14. Þorleifur Andri Harðarson,** kt. 310189-2869, bílstjóri, Þrastarhöfða 2, Mosfellsbæ.
**15. Katrín Eliza Bernhöft,** kt. 230677-4849, viðskiptafræðingur, Grandahvarfi 3, Kópavogi.
**16. Elena Alda Árnason,** kt. 120566-2459, viðskiptafræðingur, Lynghólum 20b, Garðabæ.
**17. Valborg Anna Ólafsdóttir,** kt. 151065-5899, skrifstofukona og nemi, Klapparhlíð 24, Mosfellsbæ.
**18. Ragnheiður Brynjólfsdóttir,** kt. 110147-2529, athafnakona, Álfhólsvegi 113, Kópavogi.
**19. Bryndís Þorsteinsdóttir,** kt. 031055-5129, framkvæmdastjóri, Bæjargötu 4, Garðabæ.
**20. Smári Guðmundsson,** kt. 301050-2679, vélstjóri, Austurströnd 8, Seltjarnarnesi.
**21. Ásbjörn Garðar Baldursson,** kt. 031256-3569, raffræðingur, Naustavör 9, Kópavogi.
**22. Örn Björnsson,** kt. 090443-7399, fyrrv. útibússtjóri, Eiðismýri 30, Seltjarnarnesi.
**23. Aðalsteinn J. Magnússon,** kt. 100859-3199, kennari, Hæðarbyggð 9, Garðabæ.
**24. Alexandra Einarsdóttir,** kt. 120888-2349, sérfræðingur, Stekkjarkinn 7, Hafnarfirði.
**25. Sigrún Aspelund,** kt. 110446-4629, ellilífeyrisþegi, Arnarási 16, Garðabæ.
**26. Gunnar Bragi Sveinsson,** kt. 090668-4129, alþingismaður, Guðrúnargötu 8, Reykjavík.

## O - listi
**Frjálslynda lýðræðisflokksins:**

**1. Svanhvít Brynja Tómasdóttir,** kt. 141257-2349, hönnuður, Bláhömrum 2, Reykjavík.
**2. Ívar Örn Hauksson,** kt. 250481-7489, lögfræðingur, Blómvangi 18, Hafnarfirði.
**3. Ingvi Arnar Halldórsson,** kt. 310373-5759, upplýsingafræðingur, Hrólfsskálamel 1, Seltjarnarnesi.
**4. Ihtisham Ul Haq,** kt. 220880-2819, matreiðslumaður, Marbakkabraut 10, Kópavogi.
**5. Júlía Gréta Pereira Hjaltad.,** kt. 120577-3019, húsmóðir og öryrki, Álakvísl 42, Reykjavík.
**6. Grétar Franksson,** kt. 060460-5589, vélfræðingur, Lyngbergi 31, Hafnarfirði.
**7. Pétur Þór Guðjónsson,** kt. 060976-3689, flugvirki, Núpabakka 19, Reykjavík.
**8. Bryndís Thorberg Guðmundsdóttir,** kt. 220160-3009, bókari, Frostafold 79, Reykjavík.
**9. Gunnar Karlsson,** kt. 040748-2029, flugstjóri, Stórakrika 2b, Mosfellsbæ.
**10. Andrés Guðmundsson,** kt. 040465-3089, lagermaður, Vesturbergi 4, Reykjavík.
**11. Hlíf Káradóttir,** kt. 281043-2859, tónlistarkennari, Fjóluhvammi 11, Hafnarfirði.
**12. Sólmundur Oddsson,** kt. 140867-5789, kjötiðnaðarmeistari, Fálkahöfða 7, Mosfellsbæ.
**13. Guðrún Rósa Hauksdóttir,** kt. 131169-5829, húsmóðir, Helluvaði 21, Reykjavík.
**14. Guðlaugur Jörundsson,** kt. 150759-5449, múrari, Skólatúni 3, Álftanesi.
**15. Jón Viðar Edgarsson,** kt. 150369-3399, prentari, Álfkonuhvarfi 6, Kópavogi.
**16. Bjarni Ragnar Long Guðmundsson,** kt. 160745-4799, eftirlaunaþegi, Sævangi 9, Hafnarfirði.
**17. Gunnar Örn Sveinsson,** kt. 220356-4269, verkamaður, Álfaskeiði 104, Hafnarfirði.
**18. Rebekka Aðalsteinsdóttir,** kt. 100726-4759, eldri borgari, Sævangi 47, Hafnarfirði.
**19. Ólöf Brynja Sveinsdóttir,** kt. 081149-3649, húsmóðir, Sævangi 9, Hafnarfirði.
**20. Berglind Kristín Long Bjarnadóttir,** kt. 041083-5309, afgreiðslukona, Sævangi 9, Hafnarfirði.
**21. Sveinþór Eiríksson,** kt. 140450-2789, eftirlaunaþegi, Lækjasmára 84, Kópavogi.
**22. Bylgja Sigurbjörnsdóttir Líndal,** kt. 260290-2079, nemi, Skógarási 6, Hafnarfirði.
**23. Ingjaldur Indriðason,** kt. 110441-7899, eldri borgari, Sautjándajúnítorgi 3, Garðabæ.
**24. Gunnar Kristjánsson,** kt. 150459-5409, veitingamaður, Þverbrekku 6, Kópavogi.
**25. Hildur María Herbertsd.,** kt. 220261-7949, BA í þýsku, Lundarbrekku 14, Kópavogi.
**26. Elísabet Guðjohnsen,** kt. 231033-3789, eldri borgari, Aratúni 27, Garðabæ.

## P - listi
**Pírata:**

**1. Þórhildur Sunna Ævarsdóttir,** kt. 060587-2809, þingkona, Engjavegi 8, Mosfellsbæ.
**2. Gísli Rafn Ólafsson,** kt. 200369-5649, hjálparstarfsmaður, Svöluási 1a, Hafnarfirði.
**3. Eva Sjöfn Helgadóttir,** kt. 040887-2299, sálfræðingur, Þinghólsbraut 14, Kópavogi.
**4. Indriði Ingi Stefánsson,** kt. 221277-3339, tölvunarfræðingur, Kópavogsbraut 111, Kópavogi.
**5. Greta Ósk Óskarsdóttir,** kt. 281279-2979, bókmenntafræðingur, Vinastræti 4, Garðabæ.
**6. Lárus Vilhjálmsson,** kt. 150261-2449, leikhússtjóri, Álfagarði, Kjósarhreppi.
**7. Bjartur Thorlacius,** kt. 211295-2019, þróunarstjóri, Bergþórugötu 57, Reykjavík.
**8. Leifur Eysteinn Kristjánsson,** kt. 151195-2029, rafvirki, Sléttahrauni 28, Hafnarfirði.
**9. Elísabet Ólafsdóttir,** kt. 120577-3609, kennari, Safamýri 42, Reykjavík.
**10. Claudia Ashanie Wilson,** kt. 130983-2199, lögmaður, Ásholti 32, Reykjavík.
**11. Elín Ýr Arnar Hafdísardóttir,** kt. 041276-3559, þroskaþjálfi, Suðurgötu 88, Hafnarfirði.
**12. Jón Svanur Jóhannsson,** kt. 110774-4439, verkefnastjóri, Vefarastræti 28–30, Mosfellsbæ.
**13. Salóme Mist Kristjánsdóttir,** kt. 140486-2219, öryrki, Tröllakór 13–15, Kópavogi.
**14. Albert Svan Sigurðsson,** kt. 311068-5719, umhverfislandfræðingur, Hverfisgötu 40, Hafnarfirði.
**15. Stefanía Lára Magnúsdóttir,** kt. 040691-3089, framreiðslumeistari, Sæmundargötu 20, Reykjavík.
**16. Hjalti Björn Hrafnkelsson,** kt. 290694-3029, stjórnmálafræðinemi, Glóru 3, Selfossi.
**17. Kristbjörn Gunnarsson,** kt. 080774-3119, tölvunarfræðingur, Garðprýði 5, Garðabæ.
**18. Ragnheiður H. Eiríksdóttir Bjarman,** kt. 031071-4459, geðhjúkrunarfræðingur, Hverfisgötu 40, Hafnarfirði.
**19. Haraldur Óli Gunnarsson,** kt. 080280-3009, tæknimaður, Hjallabraut 43, Hafnarfirði.
**20. Þröstur Jónasson,** kt. 190472-4939, gagnasmali, Þinghólsbraut 41, Kópavogi.
**21. Nargiza Salimova,** kt. 200978-4209, nuddari, Gerplustræti 5, Mosfellsbæ.
**22. Ögmundur Þorgrímsson,** kt. 121083-3539, nemi, Hraunbraut 47, Kópavogi.
**23. Hákon Jóhannesson,** kt. 240657-5389, matvælafræðingur, Lækjasmára 70, Kópavogi.
**24. Lára Guðrún Jóhönnudóttir,** kt. 141083-3179, háskólanemi, Framnesvegi 20a, Reykjavík.
**25. Grímur R. Friðgeirsson,** kt. 080348-3989, eftirlaunaþegi, Eiðismýri 28, Seltjarnarnesi.
**26. Sigurbjörg Erla Egilsdóttir,** kt. 181186-2839, bæjarfulltrúi, Birkigrund 4, Kópavogi.

## S – listi
**Samfylkingarinnar – jafnaðarmannaflokks Íslands:**

**1. Þórunn Sveinbjarnardóttir,** kt. 221165-5789, fyrrv. alþingismaður, ráðherra og fyrrv. formaður BHM, Arnarási 17, Garðabæ.
**2. Guðmundur Andri Thorsson,** kt. 311257-6419, alþingismaður og rithöfundur, Blikastíg 14, Álftanesi.
**3. Inga Björk Margrétar Bjarnad.,** kt. 270993-3469, listfr. og fötlunaraðgerðarsinni, Akurvöllum 1, Hfj.
**4. Guðmundur Ari Sigurjóns.,** kt. 120988-2479, tómstunda- og félagsmálafræðingur og bæjarfulltrúi, Miðbraut 18, Seltjarnarnesi.
**5. Sólveig Skaftadóttir,** kt. 200183-4529, alþjóðafræðingur og starfsm. þingflokks Samfylkingarinnar, Haukalind 29, Kópavogi.
**6. Óskar Steinn Jónínuson Ómarsson,** kt. 090794-2489, deildarstjóri á leikskóla, Kirkjuvegi 11b, Hfj.
**7. Donata Honkowicz Bukowska,** kt. 030778-2279, sérfræðingur hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Álfhólsvegi 78, Kópavogi.
**8. Árni Rúnar Þorvaldsson,** kt. 260776-5769, grunnskólakennari, Stekkjarhvammi 5, Hafnarfirði.
**9. Gerður Pálsdóttir,** kt. 220373-4609, þroskaþjálfi, Þrastarhöfða 13, Mosfellsbæ.
**10. Arnar Ingi Ingason,** kt. 091096-2699, tónlistarmaður, Reynimel 84, Reykjavík.
**11. Sigurþóra Steinunn Bergsd.,** kt. 210372-5399, framkvæmdastjóri Bergsins headspace, Nesvegi 123, Seltj.
**12. Sigurjón Gunnarsson,** kt. 201256-2919, húsasmíðameistari, Mýrarkoti 4, Álftanesi.
**13. Ingibjörg Iða Auðunardóttir,** kt. 110500-3350, íslenskunemi og forseti Ungra jafnaðarmanna í Garðabæ, Einilundi 1, Garðabæ.
**14. Gylfi Ingvarsson,** kt. 131144-2969, vélvirki og eldri borgari, Garðavegi 5, Hafnarfirði.
**15. Branddís Ásrún Snæfríðard.,** kt. 060795-2829, meistaranemi í lögfræði, Hjallahlíð 21, Mosfellsbæ.
**16. Hörður Þorsteinsson,** kt. 020961-2019, framkvæmdastjóri, Stuðlabergi 38, Hafnarfirði.
**17. Kristín Sævarsdóttir,** kt. 111163-4139, vörustjóri, Hrauntungu 71, Kópavogi.
**18. Kolbeinn Arnaldur Dalrymple,** kt. 230688-4519, fjölmiðlamaður, Arnarhrauni 19, Hafnarfirði.
**19. Hildur Rós Guðbjargard.,** kt. 280492-3379, kennaranemi og starfsm. Hrafnistu, Ölduslóð 5, Hfj.
**20. Hafsteinn Karlsson,** kt. 061056-3279, skólastjóri, Naustavör 4, Kópavogi.
**21. Margrét Tryggvadóttir,** kt. 200572-5219, fyrrv. alþingismaður og rithöfundur, Reynihvammi 22, Kóp.
**22. Magnús M Norðdahl,** kt. 300956-3199, lögfræðingur ASÍ og fyrrv. alþingismaður, Álfaheiði 7, Kóp.
**23. Dóra Hansen,** kt. 230155-2599, innanhússarkitekt og kennari, Norðurbakka 17b, Hfj.
**24. Jónas Sigurðsson,** kt. 300149-4999, fyrrv. bæjarfulltrúi, Hlíðartúni 8, Mosfellsbæ.
**25. Jóna Dóra Karlsdóttir,** kt. 010156-3789, fyrrv. bæjarfulltrúi og forseti bæjarstjórnar í Hafnarfirði, Norðurbakka 11c, Hafnarfirði.
**26. Rannveig Guðmundsdóttir,** kt. 150940-4789, fyrrv. alþingismaður og ráðherra, Hlíðarvegi 61, Kóp.

## V – listi
**Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs:**

**1. Guðmundur Ingi Guðbrandsson,** kt. 280377-5629, umhverfis- og auðlindaráðherra, Sólvallagötu 74, Rvk.
**2. Una Hildardóttir,** kt. 030891-2529, varaþingmaður og forseti Landssambands ungmennafélaga, Álafossvegi 31, Mosfellsbæ.
**3. Ólafur Þór Gunnarsson,** kt. 170763-4409, öldrunarlæknir og alþingismaður, Naustavör 18, Kóp.
**4. Valgerður Bláklukka Fjölnisdóttir,** kt. 300595-2359, þjóðfræðinemi, Lækjargötu 32, Hfj.
**5. Þóra Elfa Björnsson,** kt. 050639-7469, setjari og framhaldsskólakennari, Skólagerði 41, Kóp.
**6. Júlíus Andri Þórðarson,** kt. 250290-3499, stuðningsfulltrúi og háskólanemi, Lindarbergi 6, Hfj.
**7. Bjarki Bjarnason,** kt. 150652-2519, rithöfundur og forseti bæjarstjórnar, Hvirfli, Mosfellsbæ.
**8. Elín Björk Jónasdóttir,** kt. 261280-5319, veðurfræðingur, Einarsnesi 76, Reykjavík.
**9. Fjölnir Sæmundsson,** kt. 260170-5709, lögregluvarðstjóri og formaður Landssambands lögreglumanna, Lækjarkinn 10, Hfj.
**10. Anna Þorsteinsdóttir,** kt. 100783-2909, þjóðgarðsvörður í Vatnajökulsþjóðgarði, Klappahrauni 4, Skútustaðahreppi.
**11. Sigurður Loftur Thorlacius,** kt. 300690-3869, umhverfisverkfræðingur, Mánatúni 4, Reykjavík.
**12. Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir,** kt. 121066-4919, sérkennari og fyrrv. bæjarstjóri í Hafnarfirði, Norðurbakka 23, Hafnarfirði.
**13. Árni Matthíasson,** kt. 310157-5119, netstjóri mbl.is, rithöfundur og stjórnarmaður í Kvennaathvarfinu, Álfaskeiði 26, Hfj.
**14. Birte Harksen,** kt. 260570-2349, leikskólakennari, Kópavogsbraut 83, Kópavogi.
**15. Gunnar Kvaran,** kt. 160144-3949, sellóleikari, Valhúsabraut 23, Seltj.
**16. Elva Dögg Ásudóttir og Kristinsdóttir,** kt. 210369-5979, lögfræðingur og myndlistarkona, Austurgötu 41, Hafnarfirði.
**17. Sigurbjörn Hjaltason,** kt. 100658-5429, bóndi, Kiðafelli 2, Kjósarhreppi.
**18. Elsa Sigríður Þorvaldsdóttir,** kt. 060461-8139, iðjuþjálfi, Norðurbraut 37, Hafnarfirði.
**19. Ingvar Arnarson,** kt. 240678-3819, bæjarfulltrúi og framhaldsskólakennari, Lindarflöt 52, G.bæ.
**20. Anna Ólafsdóttir Björnsson,** kt. 040652-4349, tölvunar- og sagnfræðingur, Blátúni 1, Álftan.
**21. Einar Ólafsson,** kt. 110949-2949, bókavörður á eftirlaunum og rithöfundur, Trönuhjalla 13, Kóp.
**22. Ragnheiður Júlía Ragnarsdóttir,** kt. 150284-3179, deildarstjóri í leikskóla, Kópavogsbraut 74, Kóp.
**23. Gestur Svavarsson,** kt. 271272-3839, upplýsingatækniráðgjafi, Blómvangi 20, Hafnarfirði.
**24. Aldís Aðalbjarnardóttir,** kt. 301052-2009, kennari og leiðsögumaður, Brekkuhvarfi 9, Kóp.
**25. Einar Bergmundur Þorgerðarson Bóasson,** kt. 240760-7119, hugbúnaðarsérfræðingur, Huldubraut 1, Kóp.
**26. Þuríður Backman,** kt. 080148-4539, lífeyrisþegi, hjúkrunarfræðingur og fyrrv. alþingismaður, Bjarnhólastíg 2, Kóp.

**Magne Kvam** *eigandi Icebike Adventures sameinaði þekkingu sína og fór að taka að sér hjólaleiðsögn um landið*

# Stefndi á að koma Íslandi á kortið

**Icebike Adventures er lítið fjölskyldu-fyrirtæki sem stofnað var árið 2006 og er fyrsta fyrirtækið á Íslandi sem býður upp á margra daga fjallahjólaferðir á hálendinu. Stofnandinn, Magne Kvam hefur eytt síðustu 15 árum í að leita að og búa til hjólaleiðir um land allt.**

**Hann og hans starfsfólk hafa mikla ástríðu fyrir útivist og fjallahjólreiðum og leitast við að skapa einstök reiðhjóla-ævintýri fyrir viðskiptavini sína á fjarlægustu slóðum Íslands.**



Magne Kvam er fæddur á Akureyri 13. júní 1975. Foreldrar hans eru þau Gígja Kjartansdóttir tónlistarkennari, organisti og stofnandi Urtasmiðjunnar og Roar Kvam tónlistarkennari og tónskáld. Magne á eina systur, Helgu Kvam f. 1972 sem starfar sem tónlistarkennari og tónskáld.

## Rex var sannur vinur

„Ég er alinn upp á Svalbarðsströnd í Eyjafirði og það var frábært að alast þar upp, í sveitinni við fjörðinn. Maður var alltaf að bardúsa eitthvað, með veiðistöngina á reiðhjólinu eða smíðandi fleka úr vörubrettum. Á næsta bæ átti ég skyldfólk og hjá þeim var ég mikið á mínum æskuárum.

Ég átti hund sem hét Rex og hann fór með mér hvert sem ég fór og var sannur vinur. Hann varð síðan fyrir bíl og það var mjög vont fyrir ungan dreng.

Ég man vel eftir þeim degi þegar ég smíðaði mér boga og skaut ör í flugdreka drengs í sveitinni sem mér þótti ekki skemmtilegur með þeim afleiðingum að drekinn hrapaði til jarðar. Það var mikill víkingasigur sem ég er enn stoltur af,“ segir Magne og brosir.

## Stundaði nám á alls kyns hljóðfæri

„Ég gekk í grunnskóla í sveitinni alveg upp í 6. bekk, þetta var lítill sveitarskóli sem var bara kósí og við vorum fjögur í mínum árgangi. Ég fór síðan í Glerárskóla á Akureyri og kynntist þar nýjum félögum og kláraði mína skólaskyldu þar. Á sumrin vann ég í unglingavinnunni, við garðslátt, girðingarvinnu og á trésmíðaverkstæði.

Á unglingsárunum ólst ég eiginlega upp í tónlistarskóla, stundaði þar nám á alls kyns hljóðfæri í klassísku tónlistarnámi. Hópíþróttir áttu ekki vel við mig og ekki mikið annað í boði þannig að ég hjólaði mikið sem barn og fann mig vel í því sporti.

Ég gekk líka í þungarokkshljómsveitir og brallaði ýmislegt mis gáfulegt.“

## Sá risastórt tækifæri

Eftir skólaskyldu fór Magne að starfa sem handlangari á trésmíðaverkstæði en svo lá leið hans í Verkmanntaskólann á Akureyri á myndlista- og handiðnabraut. Hann var eini karlmaðurinn í allri deildinni, þar teiknaði hann, málaði og lærði einnig á vefstól.

„Eftir verkmenntaárin lá leið mín í 4 ára myndlistar- og hönnunarnám í Myndlista-skólanum á Akureyri og ég útskrifast það-an árið 1997 sem grafískur hönnuður. Við tók 18 ár af auglýsingagerð og sjónvarpsframleiðslu hjá fyrirtækjum eins og OZ, Fíton, Jónsson & Le'macks, CAOZ, Pipar/TBWA og einnig tók ég að mér sjálfstætt starfandi verkefni tengd hreyfimyndagerð og sjónvarpsframleiðslu. Á sama tíma var ég einnig að kenna hönnun við Myndlistarskólann og byrjaði svo að fást við location & logistics vinnu þ.e. finna hentuga staði fyrir myndatökur og fleira.

Út frá ofangreindu þá fór að þróast hjá mér mikil della og áhugi fyrir ferðamennsku um landið. Sameinaði ég þá þekkingu mína við fjallahjóladelluna og fór að taka að mér leiðsögn reiðhjólamanna ásamt því að sinna ljósmyndatökuverkefnum. Á þessum tíma var fjallahjólasport nánast ekki til á Íslandi og ég sá risa tækifæri til þess að koma Íslandi á kortið sem áfangastað fjallahjólreiðamanna.“


Eftir Ruth Örnólfsdóttur
MOSFELLINGURINN
ruth@mosfellingur.is


## Bæti við uppbygginguna árlega

„Ég stofnaði fjallahjólafyrirtækið, Icebike Adentures, og fór að byggja upp ferðaþjónustu sem gekk vel og óx ört, ég stefndi á að koma Íslandi á kortið. Í framhaldi sá ég þörfina á að byggja upp leiðakerfi og efla aðstöðu til fjallahjólreiða um land allt meðal annars búa til og viðhalda stígum.

Ég hef verið að byggja upp brautir í Skálafelli og Hlíðarfjalli þar sem skíðasvæðin halda uppi rekstri fyrir fjallahjólreiðar og ég bæti við þá uppbyggingu árlega. Ég hélt svo áfram og bauð sveitarfélögum upp á þjónustu í uppbyggingu á leiðum en maður fann fyrir mismiklum áhuga þeirra sem ráða. Sums staðar á pólitíkin langt í land hvað varðar skilning og þá sérstaklega fyrir yngstu kynslóðina því það hafa ekki öll börn áhuga á hópíþróttum.

Undanfarið höfum við verið að vinna fyrir Hveragerðisbæ og það hefur gengið mjög vel og þar eru komnar margar góðar leiðir í fallegu umhverfi.“

> *Ísland sem fjallahjólaland er ekki fyrir alla en þeir sem skilja jarðfræðina og átta sig á töfrum landins, þeir koma aftur.*

## Fara á leynilegar slóðir

Eiginkona Magne er, Ásta Briem framkvæmdastjóri Icebike Adventures en hún kom inn í fyrirtækið með honum árið 2013. Þau eiga þrjú börn, Eldar f. 2004, Sölva f. 2014 og Heklu f. 2015.

Þau segja áhuga fólks á hjólreiðum hafi aukist mjög mikið og hafa verið að bjóða upp á námskeið fyrir byrjendur og eins lengra komna. Í ferðum sínum leggja þau mikið upp úr því að koma viðskiptavinum sínum á leynilegar slóðir hálendisins. Farið er yfir óbrúaðar ár með breyttum jeppum og sérsmíðuðum reiðhjólavögnum.

## Það er dulúð yfir landinu okkar

„Aðaláhersla okkar er að kynna Ísland og fjallahjólreiðar fyrir bæði erlendum og innlendum ferðamönnum víða um land. Það sem við höfum hér á landi er auðnin og óbyggða hálendið okkar. Möguleikinn á að geta hjólað dag eftir dag án þess að rekast á annað fólk er eitt af því sem fólk sækist eftir.

Grófleikinn, tengingin við uppruna jarðarinnar og gríðarlega fjölbreytt landslag sem tekur endalausum breytingum gerir ferðalagið spennandi og krefjandi. Ísland sem fjallahjólaland er ekki fyrir alla en þeir sem skilja jarðfræðina og átta sig á töfrum landsins, þeir koma aftur og aftur.

Það er einhver dulúð yfir landinu okkar sem er spennandi og ógnandi á sama tíma,“ segir Magne að lokum er við kveðjumst.

## HIN HLIÐIN

**Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú yrðir stór?** Arkitekt.

**Hvaða tegund af tannkremi notar þú?** Allt sem konan mín kaupir.

**Býrðu um þig á morgnana?** Hef engan tíma fyrir þannig lúxus, enda skemmist það allt þegar ég hátta mig um kvöldið.

**Hvað fer mest í taugarnar á þér?** Frekt miðaldra fólk sem gleymdist að ala upp.

**Fallegasta bygging í heimi?** Torfkofinn í garðinum mínum.

**Hvaða hlutar getur þú ekki verið án?** Landrover jeppans míns.

**Besti helgarmaturinn?** Hreindýr, nú eða lamb, ef það eru ekki jólin.

**Hefur þú hent einhverju sem þú hefur séð rosalega eftir?** Fullt af geisladiskum með gömlu góðu 90´s þungarokki.



HJÓLAÐ Á HÁLENDINU



5 ÁRA Á ÖSKUDAGINN



LITIÐ TIL VEÐURS



AÐ STÖRFUM



*Fjölskyldan, Magne Kvam, Eldar Kvam, Sölvi Kvam, Ásta Briem og Hekla Kvam.*

*Myndir: Ruth Örnólfsdóttir og úr einkasafni.*

# HALLÓ HAUST

## SPENNANDI VIÐBURÐIR Í KEILUHÖLLINNI Í HAUST

Fylgstu með dagskránni á Facebooksíðu Keiluhallarinnar. facebook.com/keiluhollin

**Bókaðu borð tímanlega á keiluholllin@keiluhollin.is**



















NÚ GETUR ÞÚ BÓKAÐ BRAUT Á NETINU

keiluhollin.is

Keiluhöllin EGILSHÖLL

s. 5 11 53 00



SAMVERA Í SKÚRNUM

Handverk og samvinna að Litluhlíð 7a • Á eigin forsendum

# Karlar í skúrum hittast nú reglulega

Karlar í skúrum Mosfellsbæ hafa nú starfað um eins árs skeið þó með nokkrum hléum vegna Covid.

Skúrinn er nú fullbúinn tækjum til að vinna úr tré en félagar koma með eigin handverkfæri. Tveir hópar hafa verið að hittast, annars vegar hópur í módelsmíði á mánudögum kl.13-16 og hins vegar hópur í útskurði og tálgun á fimmtudögum kl.13-16. Einnig hafa nokkrir komið á miðvikudögum kl.13-16 til að vinna í rennibekkjum.

Á þriðjudögum hefur verið opið hús, kaffi og spjall kl.10-12. Oft hefur þurft að fella þessa fundi niður vegan sóttvarnareglna. Spjallfundir þessir hafa oftast verið vel sóttir og þar hafa menn spjallað um heima og geima og starfið í skúrnum. Fundir þessir eru ekki bara fyrir félagsmenn heldur opnir hverjum þeim sem vill koma og spjalla yfir kaffisopa og sem vill koma og kynnast starfi félagsins.

Allir félagar fá lykil að skúrnum og geta því komið þegar þeim hentar til að sinna sínum verkefnum eða bara til að spjalla og fá sér kaffi.

Þriðjudagsfundirnir, kaffi og spjall, eru nú komnir af stað aftur en þeir lágu niðri í sumar.

Starfið í skúrnum hefur þann tilgang að auka lífsgæði félagsmanna, einkum eldri karlmanna, í gegnum handverk og samveru og vinna þannig gegn félagslegri einangrun og neikvæðum afleiðingu hennar og skapa karlmönnum vettvang til að hittast á þeirra eigin forsendum.

Nýir félagar eru alltaf velkomnir í hópinn. Skúrinn okkar er að Litluhlíð 7a sem er að Skálahlíð 7a á svæði Skálatúns.





# NÁMSKEIÐ

*hjá Karlar í skúrum Mosfellsbæ*

## MÓDELSMÍÐI

Námskeiðið er fyrir byrjendur sem og lengra komna.
**Kennt á þriðjudögum kl.14 til 16 í átta skipti.**
Námskeiðið hefst þriðjudaginn 28. sept.
*Leiðbeinandi er Gústaf Guðmundsson.*

## ÚTSKURÐUR

Námskeiðið er fyrir byrjendur sem og lengra komna.
**Kennt á miðvikudögum kl.14 til 16 í átta skipti**
Námskeiðið hefst miðvikudaginn 29. sept.
*Leiðbeinandi er Páll Steinþórsson.*

**Efni og verkfæri verða á staðnum fyrir nemendur.**
Námskeiðsgjald er 24.000 kr. fyrir hvort námskeið. Þar sem takmarkaður fjöldi kemst að á hvort námskeið þarf að skrá sig á námskeiðin.
Námskeiðin eru ekki eingöngu fyrir félagsmenn.
Við skráningum tekur Ólafur Guðmundsson í síma 868-2566 eða netfangið polarafi@gmail.com. Skráningar á námskeiðin skulu hafa borist fyrir lok dags 22. sept. Ólafur veitir einnig allar frekari upplýsingar.

**Námskeiðin verða haldin í húsnæði Karla í skúrum Mosfellsbæ að Litluhlíð 7A sem er að Skálahlíð 7A á svæði Skálatúns.**


Samkomutakmarkanir setja strik í reikninginn

# Bæjarhátíðin á lágstemmdum nótum

Þótt engin formleg dagskrá hafi farið fram á vegum Mosfellsbæjar í tengslum við bæjarhátíðina Í túninu heima 2021 var þó víða haldið í hefðir. Einhverjir viðburðir voru haldnir innan þeirra samkomutakmarkanna sem voru í gildi. Tindahlaupið og Fellahringurinn voru á sínum stað og hægt var að fara í leiktæki við Hlégarð. Þá var Lágafellið lýst upp í hverfalitunum fjórum og víða komu nágrannar og vinir saman og gerðu sér glaðan dag.




NÝTT BRAUTARMET VAR SLEGIÐ Í TINDAHLAUPINU



HLJÓMSVEITIN BLEK OG BYTTUR ÁSAMT GESTASÖNGVURUM Í TÚNFÆTI




TÍVOLÍIÐ VIÐ HLÉGARÐ VAKTI LUKKU AÐ VANDA



FELLAHRINGURINN TÓKST MEÐ AFBRIGÐUM

# Opnir fundir með frambjóðendum VG





**Svæðisfélag VG í Mosfellsbæ** heldur tvo opna fundi í vikunni í **skátaheimili Mosverja, Álafossvegi 18.**

Léttar veitingar og heitt á könnunni. **Öll velkomin.**

**16. september 20:00**
Búum við nógu vel að barnafjölskyldum?
Opinn fundur með **Unu Hildardóttur,** varaþingmanni og **Valgarði Má Jakobssyni,** varaformanni fræðslunefndar. Fundarstjóri er **Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir,** grunnskólakennari og fyrrv. bæjarstjóri í Hafnarfirði.

**18. september 12:00**
Umhverfismál í Mosfellsbæ
Opinn fundur með **Guðmundi Inga Guðbrandssyni,** umhverfis- og auðlindaráðherra og **Bjarti Steingrímssyni,** formanni Umhverfisnefndar Mosfellsbæjar. Fundarstjóri er **Elín Björk Jónasdóttir,** veðurfræðingur.

VINSTRI GRÆN

XV
25. sept.








BMX BRÓS ÍSLAND

BMX HÁTÍÐ

FÖSTUDAG 17. SEPTEMBER KL.15-17

Á MIÐBÆJARTORGI MOSFELLSBÆJAR



EVRÓPSK **SAMGÖNGUVIKA** Í MOSFELLSBÆ




## Fjölskyldutímarnir byrja aftur að Varmá

Hinir vinsælu fjölskyldutímar hefja nú göngu sína á ný í í þróttahúsinu að Varmá sunnudaginn 3. október. Tímarnir eru opnir öllum bæjarbúum og ekki þarf að skrá sig. Fjölskyldur geta mætt í íþróttahúsið að Varmá á sunnudagsmorgnum, þeim að kostnaðarlausu, kl. 10:30-12:00. Leiðbeinendur eru á svæðinu og hafa þau mikla reynslu af íþróttastarfi, hjónin Þorbjörg Sólbjartsdóttir og Árni Freyr Einarsson og hjónin Ólafur Snorri Rafnsson og Íris dögg Gunnarsdóttir. Mosfellsbær hefur verið leiðandi sem heilsueflandi samfélag á síðustu árum og skiptir lýðheilsa samfélagið miklu máli. Eitt af mörgum verkefnum Mosfellsbæjar til að stuðla að bættri lýðheilsu var að koma á laggirnar svokallaðan fjölskyldutíma í íþróttahúsinu að Varmá. Markmiðin með tímanum er að búa til vettvang þar sem öll fjölskyldan kemur og leikur sér saman í íþróttum og á góðar og jákvæðar samverustundir saman. Fjölskyldutímarnir hófu göngu sína árið 2015 og hefja nú göngu sína á ný eftir frí vegna COVID.


FÖGNUÐUR Á FAGVERKSVELLI 9. SEPTEMBER

# FRÁBÆR ÁRANGUR HJÁ STELPUNUM

Meistaraflokkur Aftureldingar í knattspyrnu mun leika í efstu deild að ári, eftir sigur á FH 4-0 í lokaleik sumarsins. Frábæru tímabili er þar með lokið hjá stelpunum. Afturelding leikur því í Pepsi Max-deildinni að ári en liðið lék síðast í efstu deild á árunum 2008-2015.



EFTIR FRÁBÆRAN SIGUR Á ÍBV

Myndir/RaggiÓla

# KOMNIR Í UNDANÚRSLIT Í COCA COLA-BIKARNUM

Afturelding sló út ríkjandi bikarmeistara ÍBV auk þess að vinna Fjölni í 8-liða úrslitum bikarkeppninnar. Þeir hafa því tryggt sér sæti í Final 4 sem fram fer að þessu sinni á Ásvöllum. Afturelding leikur við Íslandsmeistara Vals í undanúrslitum á Ásvöllum föstudaginn 1. október. Fram og Stjarnan eigast einnig við og úrslitaleikur fer fram á laugardeginum.

AFTURELDINGAR VÖRURNAR FÁST HJÁ OKKUR

JAKO SPORT ÍSLANDI

NAMO EHF. - SMIÐJUVEGI 74 (GUL GATA) - 200 KÓPAVOGI

Sími: 566 7310 - jakosport@jakosport.is - jakosport.is




D

# VIÐBURÐIR Á NÆSTUNNI

**Göngutúr, opnun kosningaskrifstofu og PubQuiz**

Göngutúr með Bryndísi Haraldsdóttur **laugardaginn 18. september** kl. 11. Lagt af stað frá félagsheimili Sjálfstæðismanna í Þverholti og endað á sama stað við opnun kosningaskrifstofu kl. 12. Frambjóðendur verða á staðnum.

Kosningaskrifstofan verður opin kl. 17-19 fram að kjördegi.

? ? ? ?

PUBQUIZ

skemmtikvöld ungra sjálfstæðismanna

á **BARION**

fimmtudaginn 23. sept.

**KL. 21:00**

*með Jóhanni Alfreði og Bryndísi Haralds*



# Lög unga fólksins





Í aðdraganda kosninga þá rignir yfir okkur alls kyns auglýsingum um það sem flokkarnir ætla að gera eftir kosningar.

Trúverðugleiki flokka er hins vegar misjafn og er því mikilvægt að skoða verkin frá líðandi kjörtímabili og meta það út frá þeim.

Fyrir ungt fólk, sem er að taka þátt í sínum fyrstu kosningum, langar okkur að draga aðeins fram tvö mál sem Framsókn kom í gegn á liðnu kjörtímabili sem snerta hag okkar unga fólksins.

**Menntasjóðurinn**

Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra umbylti lánaumhverfi námsmanna á kjörtímabilinu með stofnun Menntasjóðsins sem tekur við af LÍN. Nýr menntasjóður er með hærri framfærslu, möguleika á 30% niðurfellingu höfuðstóls, val um óverðtryggð lán og beinan fjárstuðning við foreldra í námi. Þetta er mesta framfaramál ungra námsmanna í áratugi.

**Hlutdeildarlánin**

Fyrir ungt fólk hefur reynst erfitt að koma sér inn á húsnæðismarkaðinn en hlutdeildarlánin sem Ásmundur Einar félags- og barnamálaráðherra kom með á kjörtímabilinu aðstoða einmitt ungt fólk að komast inn á þann markað. Það brúar bilið við fyrstu kaup og þarf þá einungis að leggja fram 5% af kaupverði eignarinnar en HMS lánar 20% sem hlutdeildarlán og það ber enga vexti eða afborganir. Stórt framfaramál fyrir ungt fólk.

Afrekalisti Framsóknar á kjörtímabilinu er langur og mörg framfaramál fyrir ungt fólk farið í gegn til viðbótar við þessi tvö hér að ofan. Það gefur okkur trúverðugleika þegar við tölum inn í framtíðina. Við tölum ekki fyrir neinum byltingum heldur framförum og raunhæfum lausnum.

Ungt fólk er framarlega og áberandi á listum Framsóknar t.d. hér í Suðvesturkjördæmi þar sem þrír af fimm efstu eru undir 35 ára. Á næsta kjörtímabili er mikilvægt að halda áfram veginn sem lagður var á síðasta kjörtímabili. Verkefnin framundan eru krefjandi og það mun skipta máli hverjir halda um stjórnartaumana. Framtíðin ræðst á miðjunni. XB fyrir unga fólkið.

*Leifur Ingi Eysteinsson og Kjartan Helgi Ólafsson, höfundar eru stjórnarmenn í Framsóknarfélagi Mosfellsbæjar*

# Bætt lýðheilsa = sparnaður í heilbrigðiskerfinu



Lýðheilsuaðgerðir miða að því að viðhalda og bæta heilbrigði, líðan og aðstæður einstaklinga og þjóðarinnar í heild með heilsueflingu, forvörnum og heilbrigðisþjónustu.

Hið opinbera á að skapa fólki aðstæður í samfélaginu sem auðvelda því að stunda heilbrigða lífshætti og efla vitund fólks og vitneskju um mikilvægi þess. Fáir deila um mikilvægi þess að íslenska ríkið greiði niður skuldir þar sem það sparar vaxtagreiðslur til framtíðar.

Svipað er hægt að segja um fjármuni sem varið er til aukinnar heilsueflingar til að bæta lýðheilsu. Slíkt sparar umtalsverð útgjöld til heilbrigðismála til lengri tíma.

**Heilsubærinn Mosfellsbær**

Mosfellsbær hefur staðið sig einstaklega vel í að viðhalda og varðveita útivistarsvæði bæði innan byggðarinnar og í útjaðri byggðar. Í þessu felast raunveruleg verðmæti fyrir komandi kynslóðir sem við fáum líka að njóta strax. Tveir golfvellir, tvær sundlaugar, mikið magn göngu- og hjólastíga og stikaðar gönguleiðir á öll fellin okkar meðfram ám og vötnum.

Óhætt er að segja að á tímum Covid hafi útivistarsvæðin sannað gildi sitt svo um munar. Yndislegt hefur verið að fylgjast með fjölskyldum í fjöruferð, fólki á öllum aldri á golfvellinum og aukinn áhugi á fellunum okkar og fossunum hefur heldur betur sýnt sig á þessum furðulegu tímum.

Rannsóknir sýna að gott aðgengi að útivist og fallegu umhverfi eru álitin ómetanleg lífsgæði og það eykur hamingju íbúa. Það stuðlar að aukinni lýðheilsu og sparar fjármuni til framtíðar í heilbrigðisþjónustu.

**Framtíðin er björt**

Með bætta lýðheilsu og bjartsýni að leiðarljósi býð ég fram krafta mína til setu á Alþingi. Ég hef í störfum mínum talað fyrir enn betra samfélagi fyrir fjölskyldur í landinu.

Ég hef talað fyrir jafnrétti og umhverfisvernd, ég hef talað fyrir nýsköpun og öflugu atvinnulífi. Ég hef talað fyrir bættum samgöngum og auknu valfrelsi í samgöngum. Ég hef talað fyrir nýrri nálgun í heilbrigðismálum. Árangur núverandi ríkisstjórnar hefur ekki látið á sér standa.

Undir stjórn Sjálfstæðisflokksins hefur ríkissjóður haft bolmagn til að taka á móti heimsfaraldri með öflugum stuðningsaðgerðum sem tryggðu rekstrargrundvöll fyrirtækja og um leið afkomu heimilanna í landinu. Allir mælikvarðar benda til þess að aðgerðir okkar síðustu kjörtímabil og þær ákvarðanir sem teknar voru í ríkisfjármálum séu grundvöllur þeirrar viðspyrnu sem Ísland býr yfir nú þegar við búum okkur undir að vaxa út úr faraldrinum.

Setjum X við D, strax í dag, og tryggjum að Ísland verði áfram land tækifæranna.

*Bryndís Haraldsdóttir. þingmaður Sjálfstæðisflokksins*

# Hvers vegna að kjósa Viðreisn?





Fyrst og síðast vegna þess að Viðreisn stendur fyrir almannahagsmuni en ekki sérhagsmuni.

Viðreisn er flokkur sem þorir að hafa forgöngu um kerfisbreytingar í þágu fólks, þar sem bæði efnahagslegur stöðugleiki og grænar lausnir eru forgangsmál.

**Lægri vextir, minni verðbólga, meiri fyrirsjáanleiki**

Atkvæði greitt Viðreisn er atkvæði sem tryggir stöðugleika fyrir fólk og fyrirtæki til framtíðar.

Vextir hækka nú skarpt á ný. Verðlag hækkar á tvöfalt meiri hraða en viðmiðunarmörk segja til um. Stöðugleikatal ríkisstjórnarflokkanna virðist því felast fyrst og fremst í að stöðugri setu þeirra á ráðherrastólum sé ekki raskað. Í okkar huga þarf stöðugleiki að hafa miklu víðtækari skírskotun.

Við viljum búa við lægri vexti og minni verðbólgu, ekki bara tímabundið heldur til langframa. Það er hins vegar fullreynt að efnahagslegur stöðugleiki verður ekki tryggður til lengdar nema með trúverðugum gjaldmiðli. Hann er forsenda samkeppnishæfs atvinnulífs og betri lífskjara. Kostnaður við krónuna fyrir íslenskt samfélag er hátt í 200 milljarðar á ári. Það er meira en kostnaður við Landspítalann og heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu öllu til saman.

Atkvæði greitt Viðreisn er atkvæði greitt langtíma uppbyggingu hagsældar og fjölbreytts atvinnulífs, byggðri á efnahagslegum stöðugleika sem ná má með því að gera tvíhliða samning við Evrópusambandið um samstarf í gjaldeyrismálum. Með því að festa gengi krónunnar við evru með þessum hætti – hliðstæðum tengingu dönsku krónunnar við evruna – fengjust lægri vextir og ódýrari matarkarfa. Þannig auðveldum við bæði fólki og fyrirtækjum að koma undir sig fótunum í íslensku samfélagi.

**Sanngjarnari sjávarútvegur og frelsi fyrir bændur og neytendur**

Atkvæði greitt Viðreisn er atkvæði greitt sátt um sjávarútveginn til framtíðar. Viðreisn vill að sanngjarnt verð sé greitt fyrir aðgang að auðlindunum okkar og að samningar um auðlindanýtingu séu tímabundnir. Eins og gert er með allar aðrar auðlindir þjóðarinnar. Engar sérreglur fyrir sjávarútveginn. Í stað veiðileyfagjalds verði ákveðinn hluti kvótans settur á markað á hverju ári og seldur sem nýtingarsamningar til 20-30 ára. Þannig fá allir sanngjarnan hlut í auðlindinni okkar: þjóðin, sjómenn og útgerðin líka.

Atkvæði greitt Viðreisn er atkvæði greitt auknu frelsi bæði fyrir neytendur og bændur. Og að bændur fái sjálfir ráðið hvernig þeir rækta sína jörð, í sátt við fólk og náttúru. Styrkjakerfi landbúnaðar verði umhverfismiðað fremur en framleiðslutengt.

**Öfluga heilbrigðisþjónustu en ekki kreddulausnir**

Atkvæði greitt Viðreisn er atkvæði greitt þjónustu á margþættum vanda heilbrigðiskerfisins. Við viljum ekki kreddufullar lausnir líkt og hefur verið rauður þráður þessarar ríkisstjórnar. Viðreisn leggur áherslu á þjónustumiðaða nálgun og blandað kerfi, þar sem öflugt opinbert heilbrigðiskerfi vinnur hönd í hönd með sjálfstætt starfandi fagfólki að raunhæfum lausnum, fyrir fólk. Öðru vísi mun ekki takast að draga úr bráðavanda og biðlistum í heilbrigðis- og velferðarkerfinu. Þannig bætum við bæði líkamlega og andlega velferð fólksins í landinu.

**Réttlæti og alvöru loftslagsstefna**

Atkvæði greitt Viðreisn er jafnframt atkvæði greitt jöfnu vægi atkvæða á landsvísu. Það er einfaldlega réttlætismál að leiðrétta misvægi atkvæða Íslendinga.

Atkvæði greitt Viðreisn er líka, síðast en ekki síst, yfirlýsing um að vilja að Ísland verði grænasta land í heimi. Hætta þeirri meðalmennsku sem hefur viðgengist í umhverfis- og loftslagsmálum. Að Ísland eigi að vera í fremstu röð í baráttunni gegn loftslagsbreytingum, hraða orkuskiptum og stórefla umhverfisvæna nýsköpun með því að innleiða græna hvata og koma á skilvirku og sjálfbæru hringrásarhagkerfi.

Af öllum þessum ástæðum – og fleirum til – er það góð ákvörðun að setja X við C í kjörklefanum nú. Nánar á Vidreisn.is.

*Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, 1. sæti á lista Viðreisnar í Suðvesturkjördæmi og Sigmar Guðmundsson, 2. sæti á lista Viðreisnar í Suðvesturkjördæmi.*

# Samvinna, Samgöngusáttmáli og Sundabrú



Við þekkjum öll þá kyrrstöðu sem ríkt hefur í uppbyggingu á samgönguæðum höfuðborgarsvæðisins undanfarna áratugi. Á sama tíma hefur umferðarþunginn aukist og ferðir til og frá vinnu geta tekið óratíma sérstaklega á háannatíma.

Fyrir þetta kjörtímabil, sem nú er að ljúka, vorum við komin í skuld við vegakerfið vítt og breytt um landið. Hluti af vandamáli höfuðborgarsvæðisins voru deilur milli sveitarfélaganna varðandi framtíðar fyrirkomulag samgangna á svæðinu.

Sveitarfélögin höfðu öll mismunandi sýn og áherslur í málaflokknum sem gerði það að verkum að pattstaða myndaðist og ekkert gerðist. Ekki fyrr en formaður Framsóknar, Sigurður Ingi, settist í stól samgöngu- og sveitarstjórnaráðherra. Sigurður Ingi er nefnilega samvinnumaður af gamla skólanum og hann náði að byggja brýr milli ólíkra sjónarmiða og hagsmuna þessa sex sveitarfélaga.

Útkoman úr þeirra samvinnu og samtali er eitt stærsta framfaramál kjörtímabilsins. Samgöngusáttmáli sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Þar er að finna umfangsmikla uppbyggingu á stofnbrautum svæðisins, innviðum, almenningssamgöngum, göngu- og hjólastígum sem og umferðarstýringu á höfuðborgarsvæðinu. Í náinni framtíð munum við sjá þau verkefni sem heyra undir sáttmálann fara í framkvæmd hvert á fætur öðru.

Einnig þekkjum við umræðuna um Sundabraut eða Sundabrú. Sú umræða hefur dúkkað upp fyrir kosningar síðan ég fékk kosningarétt. Það var því afar ánægjulegt að sjá málið komast formlega af stað í sumar eftir gríðalega vandaða undirbúningsvinnu. Ferlið er hins vegar langt enda gríðalega stór framkvæmd. Stefnt er að því að hægt verði að fara yfir brúna árið 2031.

Sundabrú mun létta mikið á umferð í Mosfellsbæ og Ártúnsbrekku og auka þannig lífsgæði þeirra sem búa á svæðinu.

Framsókn er samvinnuflokkur, svona vinnum við!

*Willum Þór Þórsson 1. sæti Framsókn Suðvestur*

# Til hamingju, stelpur!



Íþróttaárið 2021 hefur verið frábært hjá stelpum í Aftureldingu. Mörg afrek hafa unnist á síðustu mánuðum. Hérna verður farið yfir þau helstu í tímaröð.

Sunnudaginn 2. maí tryggðu stelpurnar í handbolta sér sæti í Olís deildinni á næsta tímabili. Liðið gerði það með útisigri á Fjölni/Fylki þó að einni umferð væri ólokið.

Nokkrum vikum seinna eða laugardaginn 22. maí urðu blakstelpurnar Íslandsmeistarar með sigri í oddaleik gegn HK. Leikurinn vannst 3-0. Þetta var í fjórða sinn sem Afturelding vinnur þennan titil.

Nýjasta afrekið var fimmtudagskvöldið 9. september en þá unnu stelpurnar í fótbolta sér sæti í Pepsi Max deildinni næsta sumar. Liðið vann 4-0 sigur gegn FH í lokaumferðinni.

Framtíðin er björt hjá stelpum í Aftureldingu. Þið eruð flottar fyrirmyndir.

Til hamingju, stelpur!

*Jón Fannar Árnason tómstunda- og félagsmálafræðingur*









**ENN NOKKUR PLÁSS LAUS FYRIR BÖRN FÆDD 2017 OG 2016 !**

**Laugardaginn 11. sept. hófst ÍÞRÓTTASKÓLI BARNANNA að nýju.**
**Skólanum lýkur 27. nóvember.**
**Námskeiðið, sem er 12 tímar, er í Íþróttamiðstöðinni að Varmá.**
Námskeiðsgjald er 12.000 - veittur er systkinaafsláttur.

**Skráning:** Hægt er að senda póst á netfangið:
***ithrottaskolinn@gmail.com***
Einnig er hægt að skrá á fésbókarsíðu Íþróttaskólans:
***Íþróttaskóli barnanna Afturelding***
Upplýsingar sem verða að koma fram eru ***nafn og kennitala barns*** og ***gsm númer forráðamanns / forráðamanna.***

UPPSELT ! *Börn fædd 2018 · kl. 09:15 – 10:10*
*Börn fædd 2017 · kl. 10:15 – 11:10*
*Börn fædd 2016 · kl. 11:15 – 12:10*




# KOSNINGAR TIL ALÞINGIS

## Kosningar til Alþingis fara fram laugardaginn 25. september 2021.

Kjörskrá vegna kosninga til Alþingis liggur frammi almenningi til sýnis í þjónustuveri Mosfellsbæjar að Þverholti 2, á auglýstum opnunartíma, frá og með miðvikudeginum 15. september 2021 til kjördags.
Kjósendur geta kynnt sér hvort eða hvar þeir eru skráðir á kjörskrá á vefsíðu Þjóðskrár, skra.is.

**Í Mosfellsbæ er kjörstaður í Lágafellsskóla við Lækjarhlíð og stendur kjörfundur frá kl. 9 - 22.**
**Aðsetur yfirkjörstjórnar á kjördag verður á sama stað.**

Í kjörstjórn Mosfellsbæjar eru: Þorbjörg Inga Jónsdóttir, formaður, Haraldur Sigurðsson og Valur Oddsson

*Bæjarstjórinn í Mosfellsbæ*

MOSFELLSBÆR

# Mikilvægi hreyfingar



Ávinningur þess að stunda íþróttir er mikill fyrir líkamlega og andlega heilsu.

Við sem búum í Mosfellsbæ erum heppin með þann fjölda íþróttagreina sem eru í boði fyrir okkur. Nú þegar haustið er komið þá fara margir að huga að því að æfa. Þá er gott að geta farið og prófað mismunandi íþróttagreinar því það sama hentar ekki öllum. Á heimasíðu Aftureldingar er hægt að sjá hvaða íþróttagreinar eru í boði.

Við hjá Taekwondodeild Aftureldingar viljum vekja athygli á starfinu hjá okkur. Taekwondo er ólympísk bardagaíþrótt þar sem iðkendur læra sjálfsvörn og aga, þá eflir taekwondo sjálfstraust, liðleika, þol og þrek.

Við erum með frábæran hóp þjálfara, iðkenda og foreldra. Það er í boði að koma og prófa æfingar frítt hjá okkur í tvær vikur.

Æfingar fara fram í bardagasal Aftureldingar að Varmá. Taekwondo hentar öllum og er hægt að byrja að æfa á hvaða aldri sem er. Iðkendur hjá okkur eru á aldrinum 6-50 ára. Almennar æfingar eru fyrir alla frá 6 ára aldri. Krílatímar eru fyrir 3-5 ára og TKD fitness eru styrktar- og brennsluæfingar fyrir 18 ára og eldri.

Á heimasíðu okkur www.afturelding.is/taekwondo er hægt að sjá stundatöflu og upplýsingar um þjálfara. Nánari upplýsingar er hægt að fá í gegnum tölvupóst taekwondo@afturelding.is

*Ragnheiður Vídalín Gísladóttir,*
*formaður Taekwondodeildar Aftureldingar*

# Fræðsluganga



Eins og lesa má á vef Mosfellsbæjar skipulagði Mosfellsbær, í samstarfi við Hið íslenska náttúrufræðifélag, fræðslugöngu um Blikastaðakró þann 5. september.

Járngerður Grétarsdóttir grasafræðingur fræddi fólk um plöntulífið sem fyrir augu bar. Þó að flestar plöntur séu á þessum árstíma ekki lengur í blóma er ekki síður skemmtilegt að læra að þekkja þær á fræi og blöðum. Hrefna Sigurjónsdóttir líffræðingur sagði frá lífríkinu í fjörunni.

Blikastaðakró, þar sem Úlfarsá rennur í sjóinn, er með mjög næringarríka fjöru og spennandi að skoða. Mikið af mismunandi tegundum af þangi og þara er þar að finna. Margæsirnar sem eru á leið frá varpstöðvum sínum á Norðuríshafsströndum til Írlands á haustin stoppa á Íslandi til að næra sig og er eyjan okkar eins konar bensínstöð tvisvar á ári.

Þátttakendur í göngunni skoðuðu einnig alls konar skeljar, kuðunga og hrúðurkarla á steinum. Í leirunum lifa sandormar og burstaormar sem margir fjörufuglar gæða sér á.

Góð þátttaka var og gaman að það voru börn með í göngunni og hversu áhugasöm og virk þau voru í að skoða og fræðast. Ég skora á Mosfellsbæ að stofna til annarrar svona fræðslugöngu snemmsumars þegar fyrstu plönturnar byrja að blómstra og fuglalífið er í fullu fjöri.

Takk fyrir þessa velheppnaða haustgöngu.

*Úrsúla Jünemann*




MOSFELLSBÆR

## Tilkynning um framlagningu kjörskrár

Kjörskrá vegna kosninga til Alþingis liggur frammi almenningi til sýnis í þjónustuveri Mosfellsbæjar að Þverholti 2, á auglýstum opnunartíma, frá og með miðvikudeginum 15. september 2021 til kjördags.

Kjósendur geta kynnt sér hvort eða hvar þeir eru skráðir á kjörskrá á vefsíðu Þjóðskrár, skra.is.

*Bæjarstjórinn í Mosfellsbæ*

VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA


# Afturelding spilar í Pepsi Max deild kvenna á næsta tímabili



Það var frábær stemming á Fagverksvellinum fimmtudaginn 9. september. Rúmlega 500 manns voru mættir á völlinn í boði Jako til þess að styðja stelpurnar okkar í úrslitaleik á móti FH um sæti í deild þeirra bestu að ári og ný vallarklukka leit dagsins ljós.

Ljóst var fyrir leikinn að liðið sem ynni færi upp, leikurinn var í járnum framan af en um leið og fyrsta markið kom var þetta aldrei spurning og niðurstaðan 4 – 0 fyrir Aftureldingu. Liðið stóð sig hrikalega vel, brjáluð barátta í stelpunum allan tímann og lang markahæsta konan í Lengjudeild í ár kemur úr okkar röðum, Guðrún Elísabet Björgvinsdóttir skoraði 23 mörk og ég held að þetta hafi verið skrifað í skýin en hún spilar einmitt í treyju númer 23.

Teymið allt í kringum liðið í sumar hefur verið samstíga og mjög öflugt. Mig langar að nota tækifærið til að þakka öllum sjálfboðaliðunum sem hafa lagt hönd á plóginn. Þetta gerist ekki af sjálfu sér það er alveg ljóst. Sjálfboðaliðinn er einn mikilvægasti hlekkurinn í okkar starfi og eigum við mikið undir ykkur öllum.

Við erum ótrúlega rík og í raun ótrúlegt hvað fólk er tilbúið að leggja mikið á sig. Ég tala fyrir mig sjálfa að oft og tíðum er starfið erfitt og ég velti alveg fyrir mér af hverju ég er að eyða öllum þessum tíma í þetta.

Svo koma svona uppskerustundir og þá er þetta allt þess virði – Takk öll. Áfram Afturelding.

*Birna Kristín Jónsdóttir,*
*formaður Aftureldingar.*

# Drengirnir okkar í vanda



Drengirnir okkar eiga í vanda. Þjóðfélaginu hefur mistekist að styðja við þá á viðkvæmum tíma mótunaráranna, efla þá og þroska á þeirra eigin forsendum. Á sama tíma hefur verið dýrmætt að sjá stöðu stúlkna batna á undanförnum árum, þó vissulega megi þar margt bæta ennþá. En drengirnir mega ekki gleymast.

Slæm staða drengja er eitthvert alvarlegasta vandamál íslensks samfélags í dag. Síðustu ár hafa þúsundir einstaklinga lokið grunnskóla sem munu eiga erfitt uppdráttar í lífinu. Afleiðingarnar eru alvarlegar og margvíslegar, fyrir drengina sjálfa og fyrir samfélagið allt.

**Grafalvarleg staða**

Sjálfsvíg eru algengasta ástæða dauðsfalla af hjá ungum mönnum. Ef litið er til tíðni sjálfsvíga er hlutfall karla 87% á árinu 2015 í yngsta aldurshópnum, 15 til 35 ára. Komið hefur fram að lestrarvandi drengja við útskrift úr grunnskólanum er geigvænlegur. Árlega ljúka 700 drengir grunnskólanámi án þess að vera þokkalega læsir. Er það boðlegt skólakerfi? Aðeins 30% þeirra sem ljúka meistaragráðu úr háskólanum eru karlar og karlmenn eru einungis þriðjungur þeirra sem stunda háskólanám. Skólakerfið er gert fyrir duglegar stelpur, segir dr. Hermundur Sigmundsson prófessor sem mest hefur rannsakað ólíka upplifun kynjanna af skólakerfinu. Svo virðist sem tápmiklir og fjörugir drengir finni lítið við sitt hæfi í skólunum, sem eru skipulagðir af konum með þarfir og smekk kvenna í huga. Fyrirmyndir skortir en hlutfall karlkennara í grunnskólum hefur farið lækkandi áratugum saman og er nú komið niður í 17%.

**Vandinn eykst með árunum**

Vanlíðan drengja birtist með ýmsum hætti. Ef við lítum til notkunar hegðunarlyfja meðal drengja í grunnskólunum er hún meira en helmingi algengari en meðal stúlkna á sama aldri. Þá er brottfall drengja úr framhaldsskólum mun meira en hjá stúlkum. Aukning á nýgengi örorku hefur á undanförnum árum verið örari meðal yngri karla en kvenna. Og þannig mætti áfram telja. Orsakaþættirnir eru margir en líklega vegur þungt að grunnskólar taka ekki nægjanlegt tillit til líffræðilegs munar á kynjunum. Áhugasvið drengja og stúlkna eru ólík en þroski stúlkna virðist henta betur að skólakerfinu sem virðist gera sömu kröfur til allra óháð eiginleikum.

**Skólakerfið þarf að henta bæði drengjum og stúlkum**

Afleiðingar af vanlíðan margra drengja á mótunarárunum hefur keðjuverkandi áhrif á líf þeirra til framtíðar. Þess vegna er þjóðfélagslega hagkvæmt að ráðast að vandanum þar sem hann birtist í upphafi. Allir kannast við afleiðingarnar. Þunglyndi, fíkniefnaneysla, offita, kvíði, einangrun, afbrot og tölvufíkn ungra manna. Þeir finna ekki sína hillu í lífinu. Skólakerfið þarf að vera í stakk búið til að mennta bæði stúlkur sem drengi. Fyrir ríflega 20 árum var mælt fyrir þingsályktunartillögu um að kanna sérstaklega stöðu drengja í skólakerfinu, en því miður hefur lítið gerst síðan. Miðflokkurinn hefur ítrekað vakið athygli á alvarleika málsins. Vandinn er öllum ljós, það er tímabært að bregðast við.

*Karl Gauti Hjaltason, kgauti@althingi.is.*
*oddviti Miðflokksins í Suðvesturkjördæmi*


## TÓLF SPOR
*Andlegt ferðalag*

VINIR Í BATA

Tólf sporin – Andlegt ferðalag í Mosfellsbæ í vetur.

**Kynningarfundur verður í Safnaðarheimili Lágafellssóknar að Þverholti 3, 6. október kl. 19.30.**

Þrjú næstu miðvikudagskvöld verða opnir fundir til frekari kynningar.

**Allir eru velkomnir og ekki þarf að skrá sig.**

# SAMGÖNGUVIKA Í MOSFELLSBÆ

## 16.–22. SEPTEMBER 2021



**BMX hátíð**
**á miðbæjartorginu**
föstudag, 17.sept. kl. 15-17

**Hjólaviðgerðir Dr. Bæk**
**á miðbæjartorginu**
mánudag, 20. sept. kl. 15-17

**Bíllausi dagurinn**
miðvikudag, 22. september
Frítt í strætó

## VELJUM GRÆNU LEIÐINA

UMHVERFIS- OG AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

**#samgöngu**vika
**#mobility**week

# Jafnrétti fyrir okkur öll



Frá árinu 2006 höfum við haldið Jafnréttisdag Mosfellsbæjar hátíðlegan í kringum 18. september en dagurinn er fæðingardagur Helgu J. Magnúsdóttur fyrrum oddvita Mosfellsbæjar sem lét sig málefni kvenna varða með ýmsum hætti. Hún var til að mynda formaður Kvenfélagasambands Gullbringu- og Kjósarsýslu og formaður Kvenfélagasambands Íslands.

Helga lést árið 1999 og upplifði miklar framfarir í jafnréttismálum á æviskeiði sínu. Í formannstíð Helgu í Kvenfélagasambandinu var Leiðbeiningastöð heimilanna stofnuð og skrifstofa sambandsins flutt að Hallveigarstöðum en hún var ein þeirra baráttukvenna sem gerðu Kvennaheimilið á Hallveigarstöðum að veruleika.

**Jafnréttisdagurinn nú á dagskrá grunnskólanna**

Þegar lýðræðis- og mannréttindanefnd Mosfellsbæjar tók fyrstu skrefin við skipulagningu dagskrár jafnréttisdagsins í ár varð fljótt ljóst að óvíst væri hvort heimsfaraldur gæti haft áhrif á dagskrána í ár. Ákvað nefndin að í ár yrðu hátíðarhöldin rafræn og þeim streymt á miðlum Mosfellsbæjar.

Það var samhugur um umræðuefnið, stöðu trans barna og ungmenna í Mosfellsbæ og fylltist dagskráin hratt og örugglega. Það er fagnaðarefni, í ljósi ötullar baráttu Helgu frá Blikastöðum fyrir menntun og menntunartækifærum kvenna, að dagskrá jafnréttisdagsins var streymt í öllum grunnskólum bæjarins í dag. Að dagurinn hennar sé nýttur til þess að fræða ungt fólk, draga úr fordómum og auka samstöðu og sýnileika í jafnréttisbaráttunni.

Síðastliðin 15 ár hef ég, líkt og Helga upplifað miklar framfarir í jafnréttismálum, sérstaklega er kemur að breyttu viðhorfi til kynjajafnréttis. Jafnrétti kynjanna er ekki lengur bara spurning um tvö kyn og baráttu kvenna sem enn er ekki lokið.

Með tilkomu laga um kynrænt sjálfræði höfum við styrkt réttindi trans og intersex fólks, sérstaklega barna. Lýðræðis- og mannréttindanefnd þótti þarft að fjalla sérstaklega um stöðu trans barna, auka sýnileika og fræða okkur og aðra til þess að draga úr fordómum og bæta þjónustu og stuðning.

**Fögnum fjölbreytileikanum**

Á rafrænum jafnréttisdegi veittum við jafnréttisviðurkenningu Mosfellsbæjar í 15. sinn en í ár hlýtur Hinsegin klúbbur Bólsins viðurkenninguna. Hinsegin klúbburinn var stofnaður árið 2019 og er vettvangur þar sem öll ungmenni á aldrinum 13-18 ára geta verið þau sjálf og er þátttakendum gefið færi á að fræðast frekar um hinsegin málefni.

Starfsemi klúbbsins er kærkomin viðbót í flóru félagsstarfs í Mosfellsbæ en þar er meðal annars staðið að fjölbreyttri fræðslu, m.a. kynfræðslu og hafa samtök eins og #Sjúkást og Eitt líf í komið í heimsókn.

Með viðurkenningunni vill lýðræðis- og mannréttindanefnd Mosfellsbæjar viðurkenna þörfina fyrir öruggan vettvang fyrir hinsegin ungmenni. Tryggjum að við öll, sem búum í Mosfellsbæ, njótum sömu mannréttinda - óháð kyni, kynhneigð, kynvitund, kyntjáningu eða kyneinkennum.

*Una Hildardóttir,*
*höfundur er formaður Lýðræðis- og mannréttindanefndar Mosfellsbæjar.*




# Miðflokkurinn lætur verkin tala og stendur við gefin fyrirheit



Nú stefnir í annað hvort óbreytt stjórnarsamstarf Sjálfstæðisflokks og Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs á landsvísu eða óhreina vinstri stjórn.

Við Mosfellingar höfum búið við vinstri stjórn Sjálfstæðismanna í Mosfellsbæ um árabil og við sjáum hve hægt gengur að halda eignum bæjarins við og tryggja afburða þjónustu m.a. á sviði málefna fatlaðra og þeirra sem sárlega vantar félagslegt húsnæði. Biðlistar myndast og skuldir hrannast upp. Það er nú orðið lenska hjá meirihlutanum í Mosfellsbæ að benda á einhvern annan nafla en sinn eigin þegar fjárhagur bæði sveitarfélags og ríkis er kominn í hnút. Hins vegar bera þessir aðilar ábyrgð. Er ekki rétt að láta þá sæta þeirri ábyrgð?

Árið 2002, um það leyti þegar fáir vinstri menn tóku öll völd í Sjálfstæðisflokknum í Mosfellsbæ og fulltrúar Nýs vettvangs, fyrrum R-listans, gengu þar inn, ritaði núverandi bæjarstjóri grein með yfirskriftinni; „Er ekki kominn tími til að skipta?“. Þar mælti bæjarstjórinn eindregið gegn framkvæmdum á Blikastaðalandi og vildi fremur þétta byggð í miðbæ Mosfellsbæjar. Þéttingin hófst reyndar heimavið hjá honum sjálfum. Við vitum öll hvert það verkefni er komið og nú stefnir í enn frekari þéttingu byggðar meðfram borgarlínu sem nú er sögð forsenda fyrir að Blikastaðalandið byggist upp. Hvað með Sundabraut?

Bæjarstjórinn hefur nú tryggt að miklum fjármunum Mosfellinga verði varið í borgarlínu svo verkefnið, sem hann var sjálfur mótfallinn, nái nú fram að ganga. Í sömu grein fjallar hann um alla þá pytti sem hann situr nú sjálfur í, ásamt félögum sínum og Vinstri hreyfingunni grænu framboði. Hann hefur því tekið bæjarbúa í skógarferð sem endaði í feni, skuldafeni.

Sama virðist stefna í varðandi núverandi stjórnvöld sem orna sér, rétt eins og bæjarstjóri okkar, við þann eld sem brennur vegna COVID-19 heimsfaraldursins og bendir á að í honum brunnu eignir, tækifæri og væntingar bæjarbúa til að lækka skuldir. Þá er fullyrt að þetta sé hvorki ríkisstjórn Íslands né bæjarstjórnarmeirihluta í Mosfellsbæ að kenna. Þetta var allt vegna COVID-19.

Vandinn er í raun og sann fortíðarvandi. Skuldir bæjarfélagsins eru ekki komnar til aðeins vegna COVID-19 og sama með ríkissjóð Íslands. Nú hefur verið gefið á garðann í Mosfellsbæ og enn er gefið. Sama hefur verið gert með uppboðseignum hjá ríkissjóði, fasteignum almennings sem seldar voru á „spott prís“ ásamt gjafafé sem afhent var á báðar hendur í heimsfaraldrinum. Hefur þessu verið rétt skipt. Nei, alls ekki. Þessu er svo ætlað að mæta með aukinni skattlagningu og enn stærra bákni.

Við Mosfellingar getum hvorki búið lengur við vinstri stjórn hér í Mosfellsbæ né á landsvísu. Við þurfum að kjósa flokk sem þorir, flokk sem stendur við gefin fyrirheit og þá sem hafa sýnt og sannað að það er almenningur í landinu sem gengur fyrir. Miðflokkurinn leggur áherslu á að gera skattborgara að eftirlitsaðilum almannafjár, bæta samgöngur án endalausra umferðartafa, skilvirkara heilbrigðiskerfi án biðlista, bætt kjör eldri borgara, Sundabraut og nægt lóðaframboð. Við viljum taka stjórn á landamærum Íslands, auka ferðafrelsi um hálendið og hafna ofríki ríkisvaldsins þegar kemur að hálendi Íslands og orkuöflun. Við viljum einfalda regluverkið og tryggja að bæði sveitarfélög og ríki séu betur rekin en nú í dag. Umhverfismálin eru í ólestri og ímyndunarstjórnmál þar sem hver fjöðurinn á eftir annarri er dregin yfir raunverulega stöðu mála.

Því er rétt að ítreka fyrirsögn bæjarstjórans í Mosfellsbæ frá árinu 2002: „Er ekki kominn tími til að skipta?“.

*Sveinn Óskar Sigurðsson,*
*höfundur er fulltrúi Miðflokksins í bæjarráði og bæjarstjórn í Mosfellsbæ.*





Valdimar Leó fyrrverandi formaður UMSK, Hlynur Guðmundsson og Guðmundur Sigurbergsson formaður UMSK.

## Hlynur Chadwick Guðmundsson hættir störfum fyrir íþóttahreyfinguna

# Sæmdur gullmerki UMSK

Frjálsíþróttaþjálfarinn Hlynur Guðmundsson fékk á dögunum gullmerki UMSK.

Hlynur var þjálfari og yfirþjálfari frjálsíþróttadeildar Aftureldingar frá 1993 til 2020, samtals í 27 ár. Hann var einnig formaður frjálsíþróttadeildarinnar á árunum 1998-2012.

Hlynur hélt uppi heiðri Stórmóts Gogga galvaska eftir að hann byrjaði að þjálfa í deildinni og Goggi varð einn stærsti viðburður í frjálsum á landinu á sínum tíma hátt í aldarfjórðung.

Hlynur átti stóran þtt í að endurvekja hið sögufræga hlaup Álafosshlaup sem hafði legið í dvala og ekki verið haldið í fleiri ár. En þess má geta að þetta hlaup varð 100 ára í ár.

Hlynur er mikill frumkvöðull í eðli sínu og átti til að mynda fyrstur manna ketilbjöllur á Íslandi og sama var uppi á teningnum með nuddrúllur sem hann keypti erlendis frá. Þær vorum öllum framandi þegar þær komu fyrst í íþróttahúsið að Varmá.



# LED SKJÁR Í STAÐ VALLARKLUKKU

Þau tímamót áttu sér stað á dögunum að tekinn var í notkun 15 fm LED skjár á Fagverksvellinum að Varmá. Skjárinn mun því leysa gömlu vallarklukkuna af hólmi.

Skjárinn býður upp á mikla möguleika þegar kemur að upplýsingagjöf á vellinum og var hann vígður í stórleik Aftureldingar og FH þegar stelpurnar tryggðu sér sæti í efstu deild.

Byggingafélagið Bakki á rausnarlegt framlag í þessu verkefni og vill félagið koma sérstökum þökkum á framfæri til Bakka.

# Tryggjum niðurgreiðslu sálfræðiþjónustu



Þann 9. september síðastliðinn birti heilbrigðisráðuneytið tvær áfangaskýrslur um óbein áhrif af Covid-19.

Það þarf í sjálfu sér ekki að koma mikið að óvart að úr þessu má lesa að geðheilbrigði þjóðarinnar hefur farið versnandi. Sérstaklega er tekið fram að faraldurinn hafi haft afgerandi neikvæð áhrif á líðan framhaldsskólanema.

Sama dag og þessi skýrsla kemur út þá birtist áskorun frá Sálfræðingafélagi Íslands og Öryrkjabandalagi Íslands um að standa við stóru orðin og fjármagna lög um niðurgreiðslu á sálfræðiþjónustu. Lög sem að allir þingmenn Alþingis samþykktu en ríkisstjórnin hefur svo ekki séð um að fjármagna. Samt vitum við með staðreyndum að þörfin er mikil og hefur líklega sjaldan verið jafn brýn og nú.

Þessi lög sem félögin vísa í, í áskorun sinni, eru einmitt lög sem urðu að veruleika fyrir tilstilli Viðreisnar. Frumvarp sem ég er gríðarlega stolt af að minn flokkur hafi leitt og náð fram breiðri samstöðu um. Við vitum það í Viðreisn að niðurgreiðsla sálfræðiþjónustu skiptir máli og á að vera sjálfsagður hlutur. Við erum komin á þann stað núna 2021 að vita það að andleg heilsa skiptir alveg jafn miklu máli og sú líkamlega. Svo það er mikilvægt að við veitum fólki tækifæri til þess að geta sótt sér þessa þjónustu.

Við munum halda áfram að berjast fyrir þessu máli svo að sem allra fyrst geti Íslendingar gengið að þessu sem sjálfsögðum hlut. Það er mikilvægt fyrir okkur öll og þá sérstaklega unga fólkið okkar sem kemur nú út úr þessum heimsfaraldri verr statt andlega en það var fyrir faraldurinn. Sjáum til þess að þeirra bíði kerfi sem getur stutt þau við að vinna sig út úr þessu svo þetta þurfi ekki að fylgja þeim út lífið.

Gefðu framtíðinni tækifæri!
Settu X við C þann 25. september.

*Elín Anna Gísladóttir,*
*höfundur skipar 3. sæti á lista*
*Viðreisnar í Suðvesturkjördæmi.*


VERSLUM Í HEIMABYGGÐ

**Passamyndir**

Við bjóðum upp á myndatöku fyrir vegabréf, ökuskírteini, ferilskrár, starfsmannaskírteini og fleira, bæði fyrir einstaklinga og fyrirtæki.



Myndó.is

Þverholti 5 - 270 Mosfellsbæ
Pantanir í síma:
8981744 eða á myndo@myndo.is

**Öll almenn vörubíla- og kranaþjónusta**

- Grabbi, grjótkló og fl.
- Útvega öll jarðefni.
- Traktor og sturtuvagn í ýmis verkefni eða leigu.
- Sláttuþjónusta og fl.



BJ VERK ehf.
Björn s: 892-3042

FAGVERK

Viltu selja?

Hafðu samband
Svanþór Einarsson
Löggiltur fasteignasali

Fasteignasala Mosfellsbæjar

SÍMI: 586 8080
www.fastmos.is

Fasteignasala Mosfellsbæjar • Þverholti 2 • S. 586 8080 • www.fastmos.is

MÓTANDI
www.motandi.is

ARTPRO PRENTÞJÓNUSTA
Bíldshöfða 14 | Reykjavík | s. 520 3200
www.artpro.is

## HEILSUMOLAR GAUA



### DAUÐAFÆRI!

Það var frábært að fylgjast með því í síðustu viku þegar stelpurnar okkar í fótboltanum tryggðu sér sæti í efstu deild á ný. Stútfullur völlur og samfélagsmiðlar fylltust af stoltum og hrærðum Mosfellingum eftir leik. Þetta er eitt af því sem íþróttir ganga út á, að sameina og gleðja fólk, styrkja samfélagið.

Við Mosfellingar erum í dauðafæri núna að taka þetta á næsta stig. Við getum verið framsýn og stórhuga, séð fyrir okkur enn meiri velgengni í bæði kvenna- og karlaboltanum í stað þess að eiga ágætis lið sem samt aldrei berjast um titla. Breiðablik hefur ekki alltaf verið á þeim stað sem það er í dag. Stjarnan var lengi neðri deildar lið. Þróttur Vogum, sem vann sér sæti í næst efstu deild karla í ár, var í fimmtu efstu deild fyrir nokkrum árum.

Afturelding getur komist í fremstu röð í fótbolta á Íslandi EF félagið og bæjarfélagið Mosfellsbær taka stórhuga höndum saman. Það þarf að horfa til framtíðar í aðstöðumálum í stað þess að taka hænuskref. Við erum alltaf á eftir fólksfjölguninni, aðstaðan þolir ekki alla iðkendurna. Við erum alltaf að gera málamiðlanir varðandi æfingasvæði og æfingatíma. Það er staðreynd. Það má tala um það sem vel er gert og ég ber virðingu fyrir knattspyrnuhúsinu og nýju vallarklukkunni.

En ef við viljum lengra, ef við viljum ekki festast þar sem við erum núna – að vera með kvennalið sem er gott í næst efstu deild en í fallbaráttu í efstu deild og karlalið sem er nógu gott til að falla ekki í þriðju efstu deild, en ekki nógu gott til að komast í efstu deild, þá verðum við að spýta í lófana.

Fjárfestum í framtíðinni. Finnum leiðir til þess að búa til æfinga- og keppnissvæði framtíðarinnar og alvöru félagsaðstöðu sem hvetur iðkendur til að vera á Varmársvæðinu fyrir og eftir æfingar.



Guðjón Svansson
gudjon@kettlebells.is

# Betra líf fyrir fjölbreyttar fjölskyldur





Alþingiskosningar nálgast. Nú hefur þú, kjósandi góður, tækifæri til að kjósa með breytingum til betra lífs fyrir allar fjölskyldur á Íslandi.

Samfylkingin vill halda uppi sterkri almennri velferðarþjónustu á Íslandi til þess að uppfylla kröfur okkar og hugsjónir um félagslegt réttlæti.

**Endurreisn barnabótakerfisins**

Samfylkingin ætlar að endurreisa barnabótakerfið að norrænni fyrirmynd. Það gerum við með því að hækka skerðingarmörk tekjutengdra barnabóta úr 351 þús. kr. fyrir einstæða foreldra í 600 þús. kr. og sömu mörk fyrir par í 1.200 þús. kr. Þannig jöfnun við kjörin og léttum undir með barnafjölskyldum. Tillögur Samfylkingarinnar eru fullfjármagnaðar, sanngjarnar og jafnaðarstefna í framkvæmd. Við hvetjum kjósendur til styðja okkur svo að þessar breytingar verði gerðar á barnabótakerfinu.

**Mikilvægi sterkrar velferðarþjónustu**

Samfylkingin ber ábyrgð á framgangi jafnaðarstefnunnar á Íslandi. Það er því á okkar ábyrgð að vinna sífellt að endurskoðun og nýsköpun innan velferðarþjónustunnar til að hún þróist í takt við kröfur samtímans og virki sem skyldi. Ljóst er að margt má betur fara í íslensku velferðarkerfi og það viljum við laga. Kerfið byggir í of ríkum mæli á skerðingum og tekjutengingum og er hvorki nógu almennt né nógu þétt. Of mörg falla á milli kerfa, festast í fátæktargildrum eða lifa í einsemd og einangrun. Alltof mörg þurfa að óttast um lífsafkomu sína, neita sér um nauðsynlega læknisþjónustu eða alast upp í fátækt.

Hornsteinn velferðarsamfélags jafnaðarmanna er virðing okkar allra fyrir hverjum og einum. Þess vegna leggur Samfylkingin ríka áherslu á að notendasamráð sé viðhaft við alla stefnumótun og ákvarðanatöku um velferðarmál og þannig tryggt að stefna stjórnvalda sé í takti við veruleika og aðstæður þeirra hópa sem við á. Við lítum svo á að sérhver manneskja hafi eitthvað til samfélagsins að leggja og viljum nýta styrkleika hvers og eins sem best með því að stuðla að virkri þátttöku sem flestra og rjúfa einangrun þeirra sem upplifa sig afskipta eða útundan.

**Bætt réttindi fatlaðs fólks**

Samfylkingin vill að réttindi fatlaðs fólks séu virt í hvívetna á Íslandi. Það kallar á fullt aðgengi á öllum sviðum samfélagsins og að fötluðum einstaklingum séu tryggð tækifæri til sjálfstæðs lífs. Við viljum lögfesta samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og fylgja honum eftir með markvissum aðgerðum, meðal annars fullri fjármögnun stuðningsþjónustu og samninga um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA). Áfram þarf að vinna að viðhorfsbreytingu í samfélaginu gagnvart réttindum fatlaðs fólks og gegn hvers kyns mismunun og fordómum í þeirra garð.

Settu X við S í kjörklefanum 25. september nk.!

*Gerður Pálsdóttir er þroskaþjálfi, búsett í Mosfellsbæ og skipar 9. sæti framboðslista Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi.*
*Þórunn Sveinbjarnardóttir leiðir listann.*

# Mosfellsbær, fyrsta kolefnishlutlausa sveitarfélagið?



Loftslagsvá er ein mesta ógn sem mannkynið hefur nokkru sinni staðið frammi fyrir.

Loftslagsbreytingar af mannavöldum eru ótvíræðar og valda meðal annars aukinni tíðni hitabylgna, aftakaúrkomu, flóða og gróðurelda. Þessar breytingar eru ekki lengur fjarri okkur heldur sjáum við sligandi hitabylgjur í nágrannalöndum okkar, gróðurelda geisa og hamfaraflóð æða yfir þéttbýli. Hitamet falla svo um munar á hverju ári. Loftslagsvá vofir ekki einungis yfir kynslóðum framtíðar heldur ógnar hún okkur hér í dag. Vinstri Græn vilja róttækar aðgerðir og réttlát umskipti í loftslagsmálum og viðbrögð við loftslagsvánni sem byggja á áætlunum og fléttast inn í alla pólitíska stefnumótun, líka í sveitarfélögum.

Mosfellsbær er ekki undanskilinn áhrifum loftslagsbreytinga því þær valda til dæmis aukinni tíðni á flóðum eins og þau sem urðu í Mosfellsbæ í mars 2015. Með auknum líkum á aftakaúrkomu eykst líka hættan á skriðuföllum og Mosfellsbær er ríkur af fellum. Við þurfum að sýna fyrirhyggju, aðlagast loftslagsvánni og taka tillit til hennar í öllu skipulagi. Samhliða þurfum við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og auka bindingu kolefnis hratt og örugglega til að koma í veg fyrir frekari loftslagsbreytingar.

Mosfellsbær hefur löngum verið í fararbroddi sveitarfélaga í umhverfismálum og á fáum stöðum hefur samþætting náttúru og byggðar tekist jafn vel. Við getum verið hreykin af fjölskylduvæna samfélaginu okkar, virku menningarlífi og gróskumikilli náttúru.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur var sett fram markmið um kolefnishlutleysi Íslands fyrir 2040 og í júní á þessu ári var það markmið lögfest á Alþingi. Í umhverfisstefnu Mosfellsbæjar er líka stefnt á kolefnishlutleysi og ýmsar leiðir lagðar fram til að draga úr losun og auka bindingu. Styðja á við hjólreiðar, almenningssamgöngur og orkuskipti til að draga úr losun frá samgöngum. Auka á kolefnisbindingu með aukinni skógrækt og landgræðslu ásamt því að endurheimta votlendi og birkiskóga. Auka á aðgengi að vistvænum vörum, minnka matarsóun og auðvelda flokkun úrgangs.

Í umhverfismálum höfum við Mosfellingar forskot á mörg önnur sveitarfélög og ættum að nýta okkur þá forystu til að verða fyrsta íslenska kolefnishlutlausa sveitarfélagið. Einhver sveitarfélög hafa sett stefnuna á kolefnishlutleysi 2030 og þar ætti Mosfellsbær ekki að vera neinn eftirbátur. Við Vinstri græn viljum stíga stór skref, það vill Mosfellsbær líka, sameinumst öll í markmiðinu um kolefnishlutlaust bæjarfélag.

*Sigurður Loftur Thorlacius, umhverfisverkfræðingur og fulltrúi ungs fólks í Loftslagsráði. Höfundur er í 11. sæti Vinstri grænna í Suðvesturkjördæmi.*

Fasteignasala Mosfellsbæjar
Sími: 586 8080
www.fastmos.is

ARCAN Construction Products
Inndælingarefni í sprungur og óþétt plötuskil









Leka sprungurnar ?
Mikið úrval af efnum og verkfærum til að stöðva lekann.
Fagleg ráðgjöf og þjónusta
múrefni ehf
Desjamýri 8 Mosfellsbæ
s. 4204010 - www.murefni.is

## Stöðuuppfærslur – in your face



**Herdís Sigurjónsdóttir**
Þá er komið að því að við frumbyggjarnir í Rituhöfða 4. leyfum öðrum að njóta þessa einstaka samfélags sem gatan okkar og Mosfellsbær er.
Þessi 21 ár í Rituhöfðanum hafa verið fjörug, viðburðarík og gefandi. Samheldni og vinskapur hefur einkennt sambýlið við okkar góðu granna. Ég ætla rétt að vona að Rituhöfðavegabréfið renni aldrei út .
Allt hefur sinn tíma og hlökkum við fjölskyldan til að verða frumbyggjar á nýjum stað. Það verður klárlega gott að búa í Kópavogi og líka gaman að taka þátt í uppbyggingu nýja samfélagsins sem er að mótast á Kársnesinu.
*26. ágúst*



**Sveinbjörn Ragnarsson**
Ég fór á Bingó í gær og var svo heppinn að vinna eina flösku af koníaki... En þar sem ég var á hjóli,var ég hræddur um að detta og brjóta flöskuna á leiðinni heim svo ég ákvað að drekka hana bara í hvelli... Það borgaði sig svo sannarlega, því á leiðinni heim datt ég sjö sinnum af hjólinu og hefði sko örugglega brotið flöskuna!!!
*27. ágúst*



**Jón Andri Finnsson**
Loksins eftir 21 ár í golfi tókst það hole in one á 13 holu á korpu :):):)
*12. sept.*



**Vilborg Bjarkadottir**
Ég hef búið til nýyrði. Orðin eru mömmus og pabbas. Mömmus þýðir barn sem er mjög hænt að móður sinni og pabbas þýðir sömuleiðis barn sem er mjög hænt að föður sínum. :)
*12. sept.*



**Ragnheiður Ríkharðsdóttir**
„Mér langar svo að öllum hlakki til leiksins og að staðan sé 2-0 fyrir Íslandi í hálfleik en samt kvíðir mér fyrir“ Njótið kvöldsins kæru FB vinir.
*13. sept.*

facebook


**BílaGlerið**
Framrúður & ísetningar
Sími 587-6510
Öryggisgler í vinnuvélar, báta og bíla
Bíldshöfða 16 (bakhús) · 110 Reykjavík · glerid@simnet.is

**LÖGMANNSSTOFA BJARNI LÁRUSSON**
HÆSTARÉTTARLÖGMAÐUR
LÖGGILTUR FASTEIGNASALI
ÞVERHOLTI 2 MOSFELLSBÆ
669 7909 bjarni@allt.is

**SG VERK**
Öll almenn smíði
Fagleg og vönduð vinnubrögð.
Erum byrjaðir að bóka sólpalla fyrir sumarið.
Gerum verðtilboð þér að kostnaðarlausu!
779-9760 Sumarliði / Gísli 779-9761

**BRA BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS**
Frí Tjónaskoðun
SJÓVÁ · TM · VÍS · vörður
★ GÆÐAVOTTAÐ VERKSTÆÐI ★
Auðbrekku 27. Kópavogi
www.bilasprautun.is
554 2510

**ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS**
SÍÐAN 1996



Sverrir Einarsson
ALÚÐ • VIRÐING
TRAUST • REYNSLA
Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242
www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

**BE HAPPY Stúdíó**
BE HAPPY ICELAND
ÞVERHOLT 2
8623782
Tek að mér allskyns sauma verkefni.
Fataviðgerðir, breytingar o.fl.
Alla virka daga 9:00 - 18:00

**FÓTAAÐGERÐASTOFA MOSFELLSBÆJAR**
Þverholti 3 - Sími: 566-6612



**GARÐMENN**
...gerum garðinn frægan!
Við sinnum öllum alhliða garðyrkjustörfum s.s jarðvegsvinnu, hellulögnum, steinhleðslum, timburverki, gróðursetningu, trjáklippingum.
Garðmenn leggja áherslu á fagleg vinnubrögð, vandvirkni og skjóta þjónustu.
Sími 893 5788

~ Fagmenn í yfir 40 ár ~
**BIFREIÐAVERKSTÆÐI MOSFELLSBÆJAR**
Flugumýri 2 - Sími 566-6216

**AFLTAK EHF.**
S: 660 0770 - www.afltak.is

Þú finnur öll blöðin á netinu
WWW.MOSFELLINGUR.IS

**GÓÐIR MENN EHF**
Rafverktakar
GSM: 820-5900
- nýlagnir • viðgerðir
- endurnýjun á raflögnum
- hönnun og uppsetning á öryggiskerfum
- síma og tölvulagnir

Löggiltur rafverktaki

**VGH Mosfellsbæ**
VERKTAKI SÍÐAN 1968
896-9443 896-2279
ÞAÐ SEM TIL ÞARF

## HEYRST HEFUR...

...að veitingastaðurinn Mr. Kebab sé búinn að opna á neðri hæð Kjarna.

...að stelpurnar á Sprey séu búnar að færa út kvíarnar og hafa opnað útibú í Garðabæ.

...að nýir rekstraraðilar séu teknir við veitingastaðnum Blik í golfskálanum.

...að hljómsveitin Bob Gillan og Ztrandverðirnir hafi hist á dögunum og rifjað upp gamla takta.

...að hestar hafi fælst eftir að flugeldum var skotið upp í sigurvímu á Varmárvelli eftir lokaleik stelpnanna.

...að Ísband sé búið að fá úthlutað lóð í Sunnukrika fyrir höfuðstöðvar sínar.

...Andrea Ósk og Anton Ari eigi von á tvíburum á nýju ári.

...að verið sé að fara að taka í prufur fyrir söngleikinn Stúart litla sem settur verður upp í Bæjarleikhúsinu.

...að Framsókn bjóði upp á tónlist og veigar á Barion í kvöld með Magnúsi Kjartani brekkusöngvara.

...að enn standi yfir endurbætur á Hlégarði.

...að söngkonan Stefanía Svavars verði ein af Jólagestum Björgvins á tónleikunum í desember.

..að XD ætli að standa fyrir Pubquiz á Barion með Jóhanni Alfreði og Bryndísi Haralds fimmtudag fyrir kosningar.

...að fyrrum forsetinn Ólafur Ragnar hafi skotið á bæjarstjórn Mosfellsbæar á Twitter fyrir vanrækslu á göngustígnum við Varmá þar sem hann býr.

...að Snæja Magg sé fertug í dag.

...að réttað verði á Hraðastöðum í Mosfellsdal á laugardaginn kl. 16.

...að alls séu 39 frambjóðendur til Alþingis búsettir í Mosfellsbæ.

...að framboðslisti Miðflokksins í Suðvestur innihaldi flesta Mosfellinga, eða sjö talsins, en hjá Flokki fólksins er enginn Mosfellingur í framboði í Kraganum.

...að Afturelding sé komin í FINAL 4 í handboltanum og fari undanúrslitin fram föstudaginn 1. október.

...að hópakarókíið vinsæla með Siggu Kling fari fram á Barion á föstudagskvöldið.

...að Viðreisn í Mosó standi fyrir kosningafundi á Blik á föstudagskvöldið.

...að seinni áfangi Helgafellsskóla hafi endað undir kostnaðar áætlun.

....að mosfellska ferðaskrifstofan Geissa Travel hafi farið vel heppnaða hjólaferð til Króatíu.

...að Einar Ingi fyrirliði Aftureldingar eigi afmæli í dag.

...að Mosfellingar kjósi í Lágafellsskóla á kjördag, laugardaginn 25. september, kl. 9-22.

mosfellingur@mosfellingur.is

## Nýir Mosfellingar

Sendið okkur myndir af nýjum Mosfellingum ásamt helstu upplýsingum á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is



**Emma Dís Haraldsdóttir fæddist 13. júní 2021 á Akranesi Foreldrar er Agnes Geirsdóttir og Haraldur Örn Haraldsson**



## Ferfætlingar á ferðinni

Blaðinu barst skemmtileg mynd af tófum á vappi í Mosfellsdal. Þær voru á ferð eldsnemma að morgni nú síðsumars. Myndina tók Torfi Stefán Jónsson og má sjá glitta í Mosfellskirkju innar í dalnum. Ekki fréttist frekar af ferðum þeirra.

## Vetrarstarf Kammerkórsins að hefjast

Kammerkór Mosfellsbæjar er að hefja vetrarstarf sitt og getur bætt við sig söngfólki í allar raddir. Æfingar eru á miðvikudagskvöldum og til að byrja með verður æft í Mosfellskirkju, þar sem unnt er að tryggja nægilegt bil á milli kórfélaga.

Þegar farsóttin gefur frekar eftir verða æfingar í Listaskóla Mosfellsbæjar eins og verið hefur til margra ára. Kammerkór Mosfellsbæjar hefur starfað í nítján ár undir stjórn Símonar H. Ívarssonar, tónlistarmanns í Mosfellsbæ. Kórinn er áhugamannakór sem hefur tekist á við fjölbreytta tónlist úr ýmsum áttum, allt frá endurreisnartímanum fram til nútímans, jafnt sígild verk sem dægurlög og allt þar á milli.

Árið 2014 sendi kórinn frá sér hljómdiskinn Mitt er þitt og fékk hann mjög góðar viðtökur. Þau sem hafa áhuga á að slást í hópinn geta haft samband við kórstjórann í síma 895-7634 eða á netfanginu: simoni@simnet.is.

## Í eldhúsinu HJÁ ÓLAFI OG SUNNU

### Letibrauð

Sunna Símonardóttir skrifstofustjóri hjá Garðlist og Ólafur Auðunsson ábyrgðarstjóri hjá Hyundai eru matgæðingar vikunnar. „Letibrauð eða stundum kallað krydd brauð varð fyrir valinu, en amma bakaði þetta alltaf og ég held mikið upp á uppskriftina. Lyktin minnir á kaffitímann heima hjá ömmu þar sem var alltaf nóg af heimabökuðu og rifsberja saft með."




**Letibrauð:**

- 250 gr haframjöl
- 320 gr hveiti
- 320 gr sykur
- 7 dl mjólk
- 3 tsk matarsódi
- 1 tsk negull
- 2 tsk kanill
- 3 msk kakó

**Aðferð:**
Öllu blandað saman með sleif og helt í form. Bakað á 180 gráðum í klukkutíma. Best með smjöri og osti.

*Verði ykkur að góðu!*

**Ólafur og Sunna skora á Kidda og Gummu í ketilbjöllunum að deila næstu uppskrift**

## SUMARIÐ BÚIÐ... OG SENN KOMA JÓL

**Já,hvað á maður að segja núna, nema að sumarið er búið eða hvað?**
**Fyrsta haustlægðin er skollin á með látum og þá veit maður að það styttist í annan endann á þessu vesældarlega sumri sem okkur Mosfellingum var boðið upp á þetta árið. Þetta sumar fer ekki í sögubækurnar, hvorki fyrir hlýja daga né sól á himni hér í Mosfellsbæ. Sólarþyrstir sveitungar þurftu að leggja land undir fót til að komast í kynni við þessa gulu... eða svona þar um bil. Alla vega að að ferðast í aðra landshluta til þessa að næla sér í brúnku eða sviðna á skallanum. Ég er jafnvel farinn að halda að „gott sumar" hér á höfuðborgarsvæðinu sé bara þjóðsaga. Það eru að verða fleiri sem hafa upplifað að verða fyrir eldingu en að næla sér í brúnku hér á suðvesturhorninu.**

**En hvað um það, ég var svona að velta því fyrir mér hvað ég ætti nú að tuða um í þetta skiptið, lélegt sumar já. Ég gæti nú tuðað yfir því að Covid hafði af okkur aðra bæjarhátíðina í röð og hver veit nema að sjálft Þorrablótið sé í hættu aftur. Ég gæti tuðað yfir því að það hefði verið skotið upp flugeldum til að fagna því að stelpurnar okkar í Aftureldingu séu komnar upp í Pepsi deildina. En ég ætla ekkert að tuða yfir því hér því slíkar tuðbombur eiga heima á Facebook, enda er sérstök síða þar á bæ sem tekur vel við slíkum athugasemdum.**
**Kannski maður reyni nú bara að vera smá jákvæður og hætti að tuða aldrei þessu vant.**
**Prufum þetta ...**
**Við munum eiga lið í Pepsi deildinni næsta sumar, strákarnir í handboltanum eru komnir áfram í bikarnum, boðið var upp á óvænta flugeldasýningu á Varmá á dögunum bæjarbúum að kostnaðarlausu og Costco og Ikea eru komin með jóladraslið í sölu og það styttist óðum í að við förum að setja upp jólaskrautið.**
**Þetta var allt annað ... nú líður mér miklu betur. Kalda sumarið er búið og senn líður að jólum.**



HÖGNI SNÆR




# SMÁAUGLÝSINGAR

**Stríðsmunir**
Óska eftir munum frá stríðsárunum tengdum Mosfellssveit www.fbi.is sími 822-5344. Tryggvi.



**Nudd**
Bjóðum upp á svæðanudd - fótanudd á sanngjörnu verði. Léttir fyrir allan líkamann og til að slaka á, veljið ilmkjarnaolíu fyrir proseager. Pantið tíma í síma: 822-7750 (Lenka)

**Smáauglýsingarnar eru fríar fyrir einstaklinga**
*mosfellingur@mosfellingur.is*

**ÞÚ GETUR AUGLÝST FRÍTT**
(...allt að 50 orð)

**Sendu okkur þína smáauglýsingu í gegnum tölvupóst:**
*mosfellingur@mosfellingur.is*

WWW.MOSFELLINGUR.IS
WWW.MOSFELLINGUR.IS
WWW.MOSFELLINGUR.IS




**NÆSTI MOSFELLINGUR KEMUR ÚT**
# 7. OKT.
*Blaðinu er dreift frítt í öll hús í Mosfellsbæ.*
Skilafrestur efnis/auglýsinga er til hádegis á mánudegi fyrir útgáfudag.
mosfellingur@mosfellingur.is

## ÞJÓNUSTA VIÐ MOSFELLINGA — VERSLUM Í HEIMABYGGÐ

**MG Lögmenn ehf.**
Öll almenn lögfræðiþjónusta
Innheimtur
Sala fasteigna
Háholti 14 - Sími 588 1400 - mglogmenn@mglogmenn.is - www.mglogmenn.is

**Ökukennsla HREIÐARS**
8201616
ÖKUKENNSLA - AKSTURSMAT - NÁMSKEIÐ

**Bílapartar ehf**
Notaðir TOYOTA varahlutir
Sími: 587 7659
Grænumýri 3 | 270 Mosfellsbæ
www.bilapartar.is

**B. Markan ehf. Pípulagnir**
660 6690
www.bmarkan.is

**MALBIKSTÖÐIN**

Tek að mér alla krana- og krabbavinnu
*Útvega allt jarðefni*
**VÖRUBÍLL Þ.B.**
Klapparhlíð 10
Þorsteinn 822-7142



**FHS**
HJÁLMAR GUÐMUNDSSON
LÖGGILDUR HÚSASMÍÐAMEISTARI
S:6959922
FHSVERK@GMAIL.COM

www.arioddsson.is
**ARI ODDSSON EHF**
BYGGINGAVERKTAKI
*MÚRVERK - FLÍSALAGNIR - ALMENN VIÐHALDSVINNA*
*FAGMENNSKA Í FYRIRRÚMI*
Háholti 14 • 270 Mosfellsbæ • arioddsson@arioddsson.is
Símar: 895-0383 / 867-7704 / 564-4070

Sjúkraþjálfun & Sjúkranudd
**HEILSUEFLING MOSFELLSBÆJAR**
Urðarholt 4 Mosfellsbær — Sími 578 5080

BH **BÍLAVIÐGERÐIR BÍLHÚSIÐ**
www.bilhusid.is
Véla- og hjólastillingar.
Tímareimaskipti, bremsuviðgerðir, smurþjónusta og allar almennar viðgerðir.
Smiðjuvegi 60 (rauð gata) Kópavogi - Sími 557 2540

*GLERTÆKNI ehf*
*Völuteigi 21*
*- gler í alla glugga -*
S. 566-8888 • WWW.GLERTAEKNI.IS



**OPNUNARTÍMI SUNDLAUGA**
**Lágafellslaug**
Virkir dagar: 6.30 - 21.30
Helgar: 8 - 19
**Varmárlaug**
Virkir dagar: 6.30-8 og 15-21
Laugard. kl. 8-17 og sunnud. kl. 8-16



# SPURNING TIL BÆJARBÚA

**Með hverjum heldur þú í enska boltanum?**



**MAGNÚS SECKA:**
United.



**ALEXANDRA RÚN:**
Liverpool.



**SVERRIR:**
Manchester United.



**VALUR:**
Arsenal.



**ÞÓRA MARÍA:**
Chelsea.



**KRISTÍN SÓL:**
Liverpool.

# Fylgdu okkur á Instagram...

@MOSFELLINGUR




# HVERJIR VORU HVAR?

Sendið okkur endilega myndir - mosfellingur@mosfellingur.is



Brúðkaups-vinkonurnar



Mætt í réttirnar



Vinkonur á stórum degi



Hebbi og Auður í stuði



Elín Anna og Sigurberg í hnapphelduna



Hvítu riddararnir



25 ÁR



Grjótharðar



**HAUKUR NÍELSAR (60) HEIÐRAÐUR**
**UNNIÐ Í 25 ÁR HJÁ MOSFELLSBÆ**

BJARNI, HAUKUR OG TÓMAS

## TVÍFARAR



Hilmar Ásgeirs



Arnar Freyr

Hárstofan Sprey

Sprey opnar í Garðabæ

Sprey Hárstofa stækkar og erum við að opna aðra stofu á Garðatorgi 7.
Þú getur pantað tíma hjá Sprey Mosfellsbæ eða Sprey Garðatorgi í gegnum noona.is/sprey

Hárstofan Sprey
Sími 5176677
og á noona.is/sprey

VIÐREISN

# GEFÐU FRAMTÍÐINNI TÆKIFÆRI

## OPINN KOSNINGAFUNDUR Í MOSFELLSBÆ

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Sigmar Guðmundsson og Elín Anna Gísladóttir, sem leiða lista Viðreisnar í Suðvesturkjördæmi, ræða við gesti og svara spurningum.

**Verið öll velkomin í spjall og skemmtilega kvöldstund á Blik, föstudaginn 17. september kl. 20:00.**

Helstu áherslur Viðreisnar:

- Festum gengi krónu við evru
- Sköpum sátt um sjávarútveginn
- Þjónustuvæðum heilbrigðiskerfið
- Gerum grænt hagkvæmt



# ÓSKA EFTIR EIGNUM

Vegna mikillar eftirspurnar eftir eignum í Mosfellsbæ óska ég eftir eignum á söluskrá



Ég aðstoða kaupendur í fasteignaviðskiptum þegar drauma eignin er fundin. Mæti að kostnaðarlausu með viðskiptavini að skoða eignina og veiti aðstoð í öllu ferlinu.

Hlakka til að heyra frá þér og ræða næstu skref.

Kristinn Sigurbjörnsson Löggiltur fasteignasali - Byggingafræðingur
Beinn sími: 560-5502 Netfang: kristinn@allt.is

Nýleg meðmæli:

Mæli eindregið með Kidda. Hann seldi fyrir mig. Mjög traustur og áreiðanlegur, fylginn sér og fullur af fróðleik með reynslu og þekkir mjög vel til byggingar og reglugerðar, var mér til halds og traust frá byrjun til enda frábær þjónusta. Fær 110 prósent meðmæli frá mér.

Kiddi fasteignasali starfar af áhuga á faginu og heillindum við sína viðskiptavini. Virkilega góð þjónusta og fagmannleg vinnubrögð.

ALLT FASTEIGNASALA

www.allt.is Sími 560 5500

Fasteignasala Mosfellsbæjar
Sími: 586 8080
fastmos.is

# MOSFELLINGUR

WWW.MOSFELLINGUR.IS - MOSFELLINGUR@MOSFELLINGUR.IS

GK Snyrtistofa
Kjarna
Þverholti 2
Sími: 534 3424



## TRYGGÐU SÉR SÆTI Í EFSTU DEILD

*Afturelding hefur tryggt sér sæti í Pepsi Max-deildinni í fótbolta en liðið sigraði FH í úrslitaleik í lokaumferðinni. Stelpurnar skoruðu fjögur mörk á móti FH fyrir framan metfjölda áhorfenda á Fagverksvellinum að Varmá. Ógleymanleg kvöldstund og liðið komið aftur í hóp þeirra bestu.*

Mynd/RaggiÓla

Sæktu Landsbanka-appið
App Store
Google Play

Múlalundur
Glæsileg ritfangaverslun í Mosfellsbæ
- kíktu við, þá vinna allir!
MÚLALUNDUR
vinnustofa SÍBS
við Reykjalund, Mosfellsbæ
www.mulalundur.is

MIKIL SALA - VANTAR EIGNIR - VERÐMETUM



**Pétur Pétursson**
*löggiltur fasteignasali*
*897-0047*



**Davíð Ólafsson**
*löggiltur fasteignasali*
*896-4732*

*Þjónusta við Mosfellinga í 30 ár*

**Háholt 14, 2. hæð**
**588 55 30**

BERG FASTEIGNASALA

**Einbýlishúsalóð á Laugavarvatni**



Stór 1.100 fm. skógivaxin einbýlishúsalóð á Laugarvatni. Byggingargjöld eru greidd. Laus strax.

**Verð: 6,5 m.**

**Jörfabakki**



Mjög vel staðsett 98 fm. íbúð á 1.hæð í góðu fjölbýli við Jörfabakka 16, 3 svefnherbergi. Laus strax. Húsið er í góðu viðhaldi. Fallegur garður.

**Verð: 44,5 m.**

**Kvíslartunga**



Lóð við Kvíslartungu fyrir einbýlishús. Lóðin er 860 fm. og búið er að steypa grunn með veggjum að hluta fyrir neðri hæð fyrir einbýlishúsi sem er 382 fm. Lóðin snýr í suður og er á afar skjólsælum stað. Teikningar fylgja.

**Starhólmi**



Vel staðsett 301 fm. einbýli á tveimur hæðum við Starhólma í Kópavogi. Flottur garður, sér íbúð með sér inngangi á neðri hæð. Fallegt útsýni. Flott eign á vinsælum stað.

**Verð: 118 m.**

OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ KL. 9-18 • NETFANG: BERG@BERG.IS • WWW.BERG.IS • BERG FASTEIGNASALA STOFNUÐ 1989